



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Fífuborg

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	5
3 Innra mat deilda	17
3.1 Innra mat Dvergheima.....	17
3.2 Innra mat Hulduheimar	23
3.3 Innra mat Álfheima.....	31
3.4 Innra mat Ljósheima.....	38
4 Innra mat sérkennslu.....	43
5 Innra mat – fjölyngd börn	44
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	45
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	48
8 Foreldrasamvinna.....	50
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	51
10 Fylgigögn.....	51
11 Fylgiskjal 1 – Umsögn foreldraráðs	52
12 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal	56
13 Fylgiskjal 3 – Matsgögn.....	57



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Þegar litið er yfir farinn veg og dregið saman þar sem hæst bar í starfsemi leikskólans á þessu skólaári er vert að byrja á 30 ára afmæli Fífuborgar. Haldið var upp á það með pomp og prakt á opnu húsi í lok mars og mættu alls 150 manns, s.s. foreldrar, börn, stjórnendur og starfsmenn úr leikskólum í hverfinu auk starfsmanna frá Skóla- og frístundarsviði. Afrakstur vinnu vetrarins var til sýnis fyrir foreldra og aðra gesti.

Fífuborg fékk úthlutaðan þróunarstyrk úr A-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóði skóla- og frístundaráðs vegna innleiðingar menntastefnu Reykjavíkur í fjórða sinn skólaárið 2022 - 2023. Haldið var áfram með þróunarverkefnið *Litlu könnuðirnir* og hugmyndin er að festa könnunaraðferðina í sessi í leikskólastarfinu. Fyrstu tvö árin lögðum við áherslu á að efla bernskulæsi og þá helst orðaforða í gegnum vinnu með aðferðina. Börnunum gefast ríkuleg tækifæri til að endurtaka orð og frasa í tengslum við viðfangsefnin sem tekin eru fyrir hverju sinni. Síðustu tvö árin höfum við lagt áherslu á eflingu félagsfærni í gegnum könnunaraðferðina þ.e. að börnin þrói með sér færni í samskiptum og samvinnu og læri að leita lausna sjálf þar sem þau eru virkir þátttakendur í ferlinu. Könnunaraðferðin eflir þar að auki alla aðra lykilþætti menntastefnunnar, sem er læsi, sköpun og heilbrigði þar sem unnið er út frá áhugasviði barnanna á fjölbreyttan hátt.

Lærdómssamfélag Fífuborgar um könnunaraðferðina sem stofnað var veturinn 2020 – 2021 reyndi að hittist á fjögurra vikna fresti en það tókst ekki alltaf. Þar fá allir tækifæri til að segja frá gangi verkefnisins á sinni deild og fá í leiðinni hvatningu og leiðbeiningar um hvað mætti gera betur.

Ávinningur af vinnu með könnunaraðferðina er mikill. Orðaforði barnanna eykst töluvert í tengslum við viðfangsefnin sem verða fyrir valinu. Þau læra ný hugtök, ný sönglög og lesa nýjar bækur. Þau læra að þróa með sér samvinnu, skiptast á og að leita lausna sjálf. Áhugi barnanna var mikill í vinnu með könnunaraðferðina síðasta vetur og þekking þeirra á viðfangsefnunum jókst mikið þar sem heilmikið bættist við á hugmyndavefina sem gerðir voru með þeim í upphafi verkefnanna.

Við munum halda áfram að nýta könnunaraðferðina í vinnu með börnunum og höfum það á tilfinningunni að hún sé að festast í sessi í leikskólanum. Við gerum okkur grein fyrir því að áhugi barnanna skiptir miklu máli í námi þeirra og því munum við leita eftir því að skoða áhugasvið þeirra og tengja það viðfangsefni aðferðarinnar hverju sinni.



Elstu börnin í Fífuborg tóku þátt í Barnamenningarhátíð þar sem viðfangsefnið var *Friður*. Þau héldu sýningu í Borgarbókasafninu í Spöng ásamt elstu börnum úr þremur öðrum leikskólum úr hverfinu. Til gamans má geta þess að börnin í Fífuborg völdu nafn fyrir sýninguna í Spönginni út frá *þankahrið* í upphafi verkefnisins, en nafnið sem varð fyrir valinu var *Friður í freyðibaði*.

Alls fóru 15 starfsmenn Fífuborgar í námsferð til Stokkhólms 19.04. – 23.04. 2023. Nánar er fjallað um þá ferð í kaflanum *Starfsþróunarsamtöl og fræðsla*. Fjórir starfsmenn urðu eftir á Íslandi og fóru í leikskólaheimsóknir á höfuðborgarsvæðinu.


Á liðnu skólaári fengum við nema frá Þýskalandi í nokkrar vikur í Fífuborg, eftir jólin í tengslum við Erasmus+ samstarfsverkefnið á milli Fífuborgar og Eugen-Kaiser-Schule í Hanau í Þýskalandi. Tveir stjórnendur Fífuborgar fóru til Hanau í lok maí á alþjóðlega kynningarviku hjá skólanum og kynntu starfið í Fífuborg með áherslu á vinnu okkar með könnunaraðferðina og hvernig við notum dúkkur/bangsa í leikskólastarfinu s.s. Ellu umhverfisdúkk, sem Fífuborg fékk hvatningarverðlaun Skóla- og frístundarráðs fyrir árið 2019, Lubba sem finnur málbeinin og Blæ vináttubangsa. Við eigum von á að fá fleiri nema til okkar á næst ári. Þetta er skemmtilegt samstarf sem auðgar leikskólastarfið okkar mikið.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat leikskólans hefur verið unnið eftir þeim þáttum sem matsteymi Fífuborgar ákvað að yrðu metin veturinn 2022 – 2023. Það er gert ráð fyrir endurmati starfsfólks, barna og foreldra. Börnin endurmatu nokkra þætti starfsins en það fór þannig fram að rætt var við börnin í hóp þar sem þau voru spurð m.a. um hvað þeim fannst um liðinn atburð. Börnin voru hvött áfram með opnum spurningum s.s. hvað, hvernig, hvers vegna og eins spurð að því hvort það væri eitthvað sem þau vildu gera öðruvísi. Foreldrar barna sem byrjuðu í leikskólanum haustið 2022 svöruðu rafrænni könnun um aðlögun nýrra barna. Matslistar sem stuðst hefur verið við eru heimgærðir listar um endurmat (Sjá fylgiskjal 3, bls.55). Þá hefur endurmatshringur Fífuborgar verið notaður.

Endurmatshringur Fífuborgar



Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Móttaka nýrra starfsmanna	<p>Á deildarstjórafundum.</p> <p>Í starfsmanna-viðtölum leikskólastjóra</p>	Starfsfólk	<p>Veturinn 2022 – 2023 hófu tveir nýir starfsmenn störf í Fífuborg. Deildarstjórar báru ábyrgð á að fara eftir móttökuáætlun og að nýir starfsmann fengju tíma til að lesa þau gögn sem þar koma fram. Þessir starfsmenn fengu ekki nýliðafræðslu SFS en þeir voru báðir vanir leikskólastarfsmenn.</p> <p>Deildarstjórar notuðu nýtt viðtalsblað í viðtölum við starfsfólkið.</p> <p>Setja þarf skýrari tímaramma inn í móttökuáætlunina um hvenær viðtölin eiga að fara fram því þau eru mikilvæg hvort sem um er að ræða vant eða óvant starfsfólk.</p>
Viðtöl deildarstjóra við starfsmenn á deild	<p>Á deildarstjórafundum.</p> <p>Í starfsmanna-viðtölum leikskólastjóra</p>	Starfsfólk	<p>Einn deildarstjóri tók að sér að yfirfara viðtalsblöð sem hafa verið notuð í viðtölum við deildarstarfsmenn.</p> <p>Allir deildarstjórar tóku sitt starfsfólk í viðtöl en erfitt var að finna tíma og kláruðust viðtölin ekki fyrir en í vor.</p> <p>Næsta haust verða tímar fyrir viðtölin sett niður á deildarstjórafundum og munu leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri leysa af fyrir þau ef þess þarf.</p>



<p>Könnunaraðferðin</p>	<p>Á deildarfundum reglulega yfir árið</p> <p>Á fundum hjá lærdóms-samfélagi um könnunaraðferðina</p>	<p>Starfsfólk</p> <p>Börn</p>	<p>Verkefnið gekk mjög vel í vetur og við finnum að allir eru orðnir nokkuð öruggir að vinna með aðferðina og má segja að hún sé orðin föst í veggjunum.</p> <p>Allar deildar unnu að einu verkefni í vetur en elsta deildin tók þátt í Barnamenningarhátíðinni í ár og vann að þema hennar <i>Friður</i> í gegnum aðferðina.</p> <p>Þar sem leikskólinn varð 30 ára í janúar var boðið til afmælisveislu/Opins húss í mars þar sem afrakstur könnunaraðferðarinnar var til sýnis fyrir foreldra og aðra gesti.</p> <p>Ekki náðist að senda könnun um opið hús til foreldra í ár.</p> <p>Styrkleikar verkefnisins er áhugasamt og reynslumikið starfsfólk sem vinnur vel með börnunum. Starfsfólk sem hlustar á börnin, finnur hvar áhugi þeirra liggur og styður við þau í þekkingarleit sinni.</p> <p>Sjá einnig innra mat deilda</p>
<p>Hlutverk starfsfólks í leik</p>	<p>Á deildarfundum reglulega yfir árið</p>	<p>Starfsfólk</p>	<p>Allt starfsfólk fékk fyrirlestur frá Hrönn Pálmadóttur frá MVS HÍ um leikinn. Fyrirlesturinn hét <i>Hlutverk starfsfólks í leik ungra barna</i>.</p> <p>Stjórnendur söfnuðu saman greinum og bókum þar sem var að finna fræðileg skrif um leikinn og hlutverk hins fullorðna í honum. Stafsfólk var hvatt til að nýta undirbúning til að lesa þær.</p>



			<p>Á deildarfundum og skipulagsdögum er mikið rætt um leikinn og hlutverk okkar í honum.</p> <p>Styrkleikar okkar í tengslum við hlutverk starfsfólks í leik barna er reynslumikið starfsfólk sem hefur unnið lengi í Fífuborg. Það er lítil starfsmannavelta í leikskólanum og starfsfólk fær tækifæri til að rýna í leikinn og verður þar að leiðandi öruggt með hlutverk sitt og duglegt að ræða um það og spyrja spurninga.</p>
Læsisáætlun	<p>Á deildarstjórafundum reglulega yfir árið.</p> <p>Á deildarfundum reglulega yfir árið.</p>	Starfsfólk	<p>Flest allt starfsfólk Fífuborgar las yfir læsisáætlunina í undirbúning.</p> <p>Farið var yfir hana á skipulagsdegi með öllu starfsfólki. Skipt var í hópa eftir deildum sem rýndu svo í hvernig unnið er eftir áætluninni inn á hverri deild.</p> <p>Niðurstöður voru þær að starf hveðrar deildar ber þess merki að unnið sé eftir læsisáætlun Fífuborgar og að starfsfólk þekki innihald hennar.</p> <p>Ekki náðist að uppfæra læsisáætlunina þennan veturinn</p> <p>Sjá einnig innra mat deilda</p>
Félagsfærni	Á deildarfundum reglulega yfir árið.	Starfsfólk	<p>Haldið var áfram að vinna með félagsfærni í vetur. Vináttuverkefni Barnaheilla og vinna með könnunaraðferðina hefur stutt vel við þá vinnu.</p>



			<p>Í Fífuborg vinnur fólk með mikla starfsreynslu. Það hefur sótt ýmsa fyrirlestra og námskeið í gegnum árin og hefur góða þekkingu á hvernig á að efla félagsfærni barna og er það styrkleiki okkar í þessum efnum.</p> <p>Ekki náðist að fylla út gátlista um sjálfsmynd og félagsfærni fyrir öll börn leikskólans.</p> <p>Sjá einnig innra mat deilda</p>
Starfsmannakönnun um styttingu vinnuvikunnar	Rafræn könnun	Allt starfsfólk	Ekki náðist að gera nýja könnun um styttingu vinnuvikunnar þennan veturinn.
Foreldrakönnun	Rafræn könnun um aðlögun nýrra barna	Foreldrar barna sem byrjuðu haustið 2022	<p>Það byrjuðu 13 ný börn í Fífuborg haustið 2022 og svöruðu alls 14 foreldrar könnuninni.</p> <p>Foreldrar voru upp til hópa ánægðir með aðlögunina og framkvæmd hennar. Það kom fram hjá einu foreldri að því fannst starfsfólkið halda sig heldur of mikið til hlés.</p> <p>Í kjölfarið af þessum niðurstöðum var ákveðið að skýra enn betur frá því á fundi fyrir nýja foreldra hvað þáttökuaðlögun gengur út á. Þannig ættu foreldrar að vera meðvitaðri um sitt hlutverk og hlutverk starfsfólks á meðan aðlöguninni stendur.</p>



Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsánægja	Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar 11/2022.	Allt starfsfólk	<p>Starfsánægja í Fífaborg hefur síðustu ár fengið mjög gott meðalskor í viðhorfskönnun Rvk. Alls svöruðu 15 starfsmenn könnuninni í nóvember 2022.</p> <p>Að þessu sinni var spurningin orðuð öðruvísi en síðustu ár, eða <i>Á heildina litið er ég ánægð/ur í starfi mínu.</i> Meðalskor þessa þáttar var 4,07 af 5 mögulegum sem er lækkun frá í fyrra en þá var meðalskorið 4,59. Erfitt er að bera þessar tölur saman þar sem könnunin í nóvember var orðuð öðruvísi og send út að hausti en ekki að vori eins og vaninn hefur verið.</p> <p>Í vetur hefur verið gert ýmislegt til að efla starfsánægju starfsfólks. Við fengum fyrirlestur frá Eddu Björgvins sem heitir <i>Húmor og hamingja á vinnustað – Dauðans alvara.</i></p> <p>Alls 15 starfsmenn leikskólans fóru í náms- og kynnisferð til Stokkhólms vorið 2023 og 4 starfsmenn heimsóttu leikskóla á Íslandi á sama tíma.</p> <p>Farið var yfir blaðið <i>Samskipti okkar í Fífaborg</i> á skipulagsdegi og fannst starfsfólki það enn gott og gilt.</p>



<p>Hæfilegt vinnuálag</p>	<p>Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar 11/2022.</p>	<p>Allt starfsfólk</p>	<p>Miklar umræður hafa verið í Fífuborg um vinnuálag og hvað það er sem hefur áhrif og hvað við getum gert til að minka það.</p> <p>Meðalskor þessara þátta í fyrri könnun var 1,69 og hafði þá lækkað mikið frá fyrra ári.</p> <p>Í síðustu könnun var þessi þáttur í 86% en erfitt er að bera það saman við fyrri könnun vegna öðruvísi spurninga og uppsetningu á könnunni.</p> <p>Í umræðum við stafsfolk á skipulagsdegi eru flestir sammála um að við höfum gert mjög margt í starfi leikskólans til að minnka álag. Aukið samvinnu og breytt starfinu á ýmsa vegu.</p> <p>Við tókum eftir því að meðalþáttur um hæfilegt vinnuálag fór að versna í fyrstu <i>Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar</i> eftir innleiðingu <i>styttingu vinnuvikunnar</i>.</p> <p>Við stjórnendur leikskólans og allt starfsfólk erum samála um að við komumst eflaust ekki mikið lengra í að minnka álag því á meðan við erum að missa út fólk á hverjum degi í styttingu þýðir það einfaldlega meira álag á þá sem eru eftir og því breytum við ekki.</p> <p>Við munum halda áfram að rýna í starfið og reyna að finna leiðir til að minnka álag en eins og kom fram í niðurstöðum könnunarinnar <i>Stofnun ársins</i> þá er mikið álag á starfsfólki og það er</p>
----------------------------------	--	------------------------	---



			<p>mikið áhyggjuefni sem SFS ætti að skoða betur.</p> <p>Fífuborg kom ágætlega út úr könnun Reykjavíkurborgar <i>Stofnun ársins 2022</i> en heildarmat leikskólans var 3,89 en það fellur undir frekar góða einkunn.</p> <p>Þegar farið var yfir niðurstöður könnunarinnar á skipulagsdegi í vor komu niðurstöður starfsfólki stundum á óvart þ.e. að leikskólinn var að skora lægra í einhverjum þáttum sem fólki fannst að ættu að vera hærrí.</p> <p>Taldi starfsfólkið ástæðuna vera að spurningarnar væru ekki nægilega skýrar og að fólk væri að skilja þær á misjafnan hátt.</p>
Foreldrakönnun	Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar vor 2023.	Foreldrar	<p>Svörun var 77,6% og helstu niðurstöður voru þær að leikskólinn fékk meðalskorið 4,58 af 5 mögulegum fyrir vingjarnlegt andrúmsloft og 4,50 fyrir stjórnun leikskólans. Meðalskorið 4,64 fyrir líðan barns í leikskólanum og 4,67 hvort foreldrar teldu að barnið sitt væri öruggt í leikskólanum.</p> <p>Samanborið við heildarniðurstöður í Reykjavík þá kemur leikskólinn Fífuborg mjög vel út úr þessari könnun. Við höldum því áfram á sömu braut.</p>



Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024							
UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Viðtöl deildarstjóra við starfsmenn á deild	Að deildar- stjórar taki sitt deildar- starfsfólk í viðtal á haustin	Á deildar- stjórafundi er sett niður áætlun um hvenær viðtölin eiga að vera Stjórnendur aðstoða ef það þarf afleysingu inn á deild	Deildar- stjórar	Haustið 2023	Lok ársins 2023	Á deildar- stjórafundum. Í starfsmanna- viðtölum leikskólastjóra	Að allt starfsfólk fari í viðtal há sínum deildar- stjóra á haustin
Uppeldis- og menntastarf							
Ella endurvinnslu- dúkka	Að verkefnið Ella endur- vinnslu- dúkka verði virkt allan veturinn. Að hún fari á milli deilda á réttum tíma. Að foreldrar fái sendar upplýsingar um málefni Ellu einu sinni í mánuði. Að breyta nafninu í Ella umhverfis- dúkka	Á deildar- stjórafundi verður sett í fundargerða bækur hvaða deild á Ellu í vikunni á eftir. Sett verður inn á vaktarplan hver á Ellu í þessari viku og á þar af leiðandi að fara yfir garðinn alla vikuna líka. Að fá kynningu eða fyrirlestur tengd málefni fyrir allt	Stjórnun- dur Deildar- stjórar Allt starfs- fólk	Haustið 2023	Vorið 2024	Á deildarstjóra- fundum reglulega yfir árið Á deildarfundum reglulega yfir árið.	Að Ella fari inn á hverja deild einu sinni í mánuði allan veturinn Að sú deild sem á Ellu fari yfir garðinn þá vikuna og skrái á þar til gert skráningar- blað Senda könnun á foreldra og kanna hvað þeir viti um Ellu



		<p>stafsólk á skipulagsdegi</p> <p>Að fara yfir pokann hennar Ellu og bæta inn nýju efni</p>					
Opinn efniviður	<p>Að vinna með opinn efnivið verði meiri og markvissari.</p>	<p>Að hver deild skoði þann efnivið sem er inn á deild</p> <p>Nota skipulagsdag til að skoða glæsur úr fyrirlestri sem við fengum um opni efnivið</p> <p>Að stafsólk lesi fræðigreinar og annað efni sem tengist opnum efnivið</p>	<p>Stjórnendur</p> <p>Deildarstjórar</p> <p>Allt starfsfólk</p>	Haustið 2023	Vorið 2024	<p>Á deildarstjórafundum reglulega yfir árið</p> <p>Á deildarfundum reglulega yfir árið.</p>	<p>Að leikskólinn beri þess merki að unnið sé með opinn efnivið</p> <p>Að börnin hafi aðgang að opnum efnivið bæði í frjálsum leik og sköpun</p> <p>Að starfsfólk þekki hvað opin efniviður er</p>
Könnunaraðferð	<p>Halda áfram að vinna með könnunaraðferðina</p> <p>Að hver deild eigi einn fulltrúa í lærdóms-samfélagi könnunaraðferðarinnar.</p>	<p>Fulltrúar í lærdóms-samfélagi hittast á 4 - 6 vikna fresti og ræða framgang verkefnisins</p> <p>Nota skipulagsdaga til að ræða um könnunaraðferðina</p>	<p>Stjórnendur</p> <p>Deildarstjórar</p> <p>Allt starfsfólk</p>	Haustið 2023	Vorið 2024	<p>Á deildarfundum reglulega yfir árið</p> <p>Á fundum hjá lærdóms-samfélagi um könnunaraðferðina</p>	<p>Að allar deildir vinni eitt til tvo verkefni í tengslum við könnunaraðferðina yfir veturinn</p> <p>Að allar deildir kynni fyrir foreldrum eitt verkefni með því að bjóða þeim á sýningu í Fífuborg</p> <p>Að senda könnun á foreldra um heim-sóknina</p>



Félagsfærni	Að halda áfram vinnu með félagsfærni og vinna markvisst að því að efla hana hjá börnunum í gegnum leik og starf	Að halda áfram að vinna með félagsfærni og nýta þá fræðslu sem starfsfólk hefur fengið til þess Að nýta könnunar- aðferðina til að efla félagsfærni barna Að nýta vináttu verkefni Barnaheilla til að efla félagsfærni barna	Stjórn- endur Deildar- stjórar Allt starfs- fólk.	Haustið 2023	Vorið 2024	Á deildarfundum reglulega yfir árið	Að fylla út gátlista um sjálfsmynd og félagsfærni fyrir öll börn leikskólans
Læsisáætlun	Að unnið sé eftir læsis- áætlun leikskólans á öllum deildum	Að læsisáætlun Fífuborgar verði uppfærð	Stjórn- endur Deildar- stjórar	Haustið 2023	Vorið 2024	Á deildarstjóra- fundum reglulega yfir árið. Á deildarfundum reglulega yfir árið	Að uppfærð læsisáætlun verði tilbúin vorið 2024 Að allt starfsfólk lesi uppfærða læsisáætlun og máti við starfið á deildinni sinni
Mannauður/ Leikskólabragur							
Starfsánægja	Að starfs- ánægja haldi áfram að vera góð	Að starfsmann ahópurinn skoði saman hvað það er sem gerir Fífuborg að góðum vinnustað og hvernig við getum bætt þau atriði enn frekar Að koma aftur inn hefðum sem voru í starfsmann	Stjórn- endur Deildar- stjórar Allt Starfs- fólk	Haustið 2023	Vorið 2024	Á skipulagsdegi með öllu starfsfólki	Að meðalskor um starfsanda haldi áfram að vera gott í könnun Reykjavíkur borgar um stofnun ársins



		ahópnum um skemmtun utan vinnutíma sem dattu niður í covid					
Hæfilegt vinnuálag	Að starfsfólk upplifi minna álag í vinnunni	Að starfsfólk vinni saman að lausnum og breytingum sem við getum gert til að minnka vinnuálag	Stjórn-endur Deildar-stjórar Allt starfs-fólk	Haustið 2023	Vorið 2024	Á skipulagsdegi með öllu starfsfólki	Að starfsfólk upplifi minna álag og að það sjáist í könnun Reykjavíkurborgar um stofnun ársins
Innra mat							
Starfsmanna-könnun um styttingu vinnu- vikunnar	Að gera nýja könnun um styttingu vinnu- vikunnar	Að gera nýjar spurningar og fá hugmyndir frá starfsfólki að leiðum sem minnka álag í starfi Kanna áhuga starfsfólk á að taka styttinguna út á annan hátt en við gerum núna	Stjórn-endur	Haustið 2023	Vorið 2024	Starfsmanna-könnun um styttingu vinnu- vikunnar	Að allt starfsfólk svari könnun um styttingu vinnu- vikunnar Að allt starfsfólk fái kynningu á niður- stöðum Að starfsmanna- hópurinn skoði hvort við getum nýtt okkur niðurstöð- urnar til að minnka álagið í starfinu og hvort áhugi sé fyrir því að breyta því hvernig stytting er tekin út



Foreldrakönnun	Að foreldrar/ forráða- menn taki þátt í að meta starf leikskólans	Að foreldrar nýrra barna fái könnun um aðlögun Að allir foreldrar fái könnun um opna húsið í tengslum við könnunar- aðferðina og Ellu umhverfis- dúkku	Stjórn- endur	Haustið 2023	Vorið 2024	Rafræn könnun	Að svarhlutfall foreldra/for- ráðamanna verði yfir 70% Að nýta okkur niðurstöður til umbóta fyrir skólaárið 2024-2025
-----------------------	--	--	------------------	-----------------	---------------	---------------	---

3 Innra mat deilda

3.1 Innra mat Dvergheima

Könnunaraðferðin með áherslu á félagsfærni

Byrjað var að vinna tvö verkefni á Dvergheimum með könnunaraðferðarinni skólaveturinn 2022-2023. Verkefnin voru ánamaðkar fyrir áramót og kindur eftir áramót.

Fyrir áramótin sýndu börnin ornum mikinn áhuga í gönguferðum, stoppað var alls staðar þar sem sást glitta í ánamaðka, þeim var bjargað af gagnstéttum á rigningardögum, grandskoðaðir hvort þeir voru stórir eða litlir. Börnunum fannst það merkileg uppgötvun að vita að ormar geta lifað ef þeir slitna og geta orðið mjög langir þegar þeir skríða eftir jarðveginum og vangaveltur um hvort ormarnir ættu fjölskyldu í moldinni og þá hvar.

Börnin fengu fræðslu um ánamaðka frá kennurum deildarinnar, skoðaðar voru myndir af ánamöðkum og bók um ánamaðka sem sýndi hve djúpt þeir fara ofan í jörðina eftir því hvaða árstíð er.



Verkefnið um ánamaðka varð heldur endasleppt í lok tímabilsins, ekki náðist að klára það eins og við hefðum kosið að gera í anda könnunaraðferðarinnar.

Eftir áramótin sýndu börn deildarinnar engan sérstakan áhuga á að vinna með eitthvað viðfangsefni í könnunaraðferðinni. Í umræðum í samverustundum og í hádeginu reyndu kennarar að fiska upp eitthvað sem börnunum langaði að læra um en enginn afgerandi áhugi var hjá börnunum eins og með ánamaðkana. En flest börn nefndu eitthvað af húsdýrunum og eldgos. Sett var upp leynileg kosning á milli húsdýra og eldgos.



Börnin kusu með afgerandi hætti að þau vildu læra um húsdýrin í könnunaraðferðinni og fljótlega þrengdist viðfangsefnið niður í kindur.

Börnin voru fróðleiksfús um kindur og allir vissu eitthvað um þær. Börnin fengu reglulega fræðslu um kindur á tímabilinu febrúar – apríl, skoðaðar voru myndir af þeim og horft á stutt myndbönd sem fjölluðu um kindur. Það sem vakti mesta athygli barnanna í fræðslunni um kindurnar var að þær eru rúnar og þær eru eyrnamerkar, heyra mátti í barnahópnum þegar kennararnir sögðu þeim frá þessu „ha ertu að segja satt, í alvörunni“. Öll börnin á deildinni fóru í vettvangsferð í Húsdýragarðinn og fengu fræðslu um húsdýrin, börnin voru ánægð með ferðina í Húsdýragarðinn og áhugasöm um fræðsluna sem þau fengu.



Áhugi barnanna á húsdýrum og kindum mátti sjá í leik þeirra, þau voru að leika dýr, búa til dýrahús og framkalla hin ýmsu dýrahljóð. Börnin máluðu kindur, bjuggu til kindur í þrívídd og tvívídd og útbúinn var þekkingarvefur í upphafi verkefnisins og í lok þess.

Styrkleikar: Allir kennarar deildarinnar komu með einhverjum hætti að vinnunni með viðfangsefni könnunaraðferðarinnar, sem leiðir til þess að fræðsla og verkefni verða fjölbreyttari. Börnin þróa með sér félagsfærni í samskiptum og samvinnu sem beinist að ákveðnu verkefni sem er börnunum hugleikið.

Tækifæri til umbóta: Þar sem ekki tókst nógu vel að festa verkefni könnunaraðferðarinnar inn í starfið á deildinni fyrir áramótin og verkefnið var endasleppt er tækifæri til að gera betur haustið 2023. Markmiðið verður að ná að vinna tvö verkefni yfir skólaárið með könnunaraðferðinni með áherslu á félagsfærni og hafa upphaf og endi á verkefninu og gera fleiri myndaskráningar til að sýna afrakstur verkefnisins.



UMBÓTAPÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Könnunar-aðferðin með áherslu á félagsfærni	Að festa vinnu við könnunar-aðferðina enn betur í sessi. Leggja áherslu á félagsfærni. Stefnum að því að vinna tvö verkefni sem hafa upphaf og endi.	Að starfsfólk noti fjölbreyttar aðferðir til að ská niður vinnu barnanna. Ýta enn frekar undir áhuga barnanna á því viðfangs-efni sem verður fyrir valinu.	Allt starfsfólk og fulltrúi deildarinnar í lærdóms-samfélaginu	Haust 2023	Vor 2024	Skráningar á verkefnum sem unnin verða í myndum og ritmáli. Umræður í lærdóms-samfélagi, deildarfundum og á starfsdögum	Að starfsfólk vinni með könnunar-aðferðina og styðji börnin í að þróa með sér færni í samskiptum, samvinnu og læri að leita lausna sjálf þar sem þau eru virkir þátttakendur í ferlinu

Hlutverk starfsmanna í leik

Starfsmenn eru meðvitaðir um mikilvægi þeirra í að gera umhverfi fyrir leikinn gott og hvernig þeir geti verið til staðar í honum. Allt starfsfólk leikskólans fékk fræðslu um leikin á fyrirlestri á starfsdegi í vetur, sem var fróðlegur og styðjandi í hvernig megi bæta leikumhverfi barna og hvert hlutverk kennara sé í leiknum.



Styrkleikar: Starfsmenn deildarinnar hafa langan starfsaldur á leikskóla og þekkja því hlutverk kennara í leik barnanna vel, hvaða leiðir henta vel til að börnin eiga gæða leikstundir og hvernig eigi að hjálpa börnum af stað í leik og hvenær kennarinn dregur sig til hlés í leik barnanna. Kennarar



deildarinnar eru meðvitaðir um hvaða leiðir sé hægt að fara til að skapa gott leikumhverfi fyrir börnin og grípa þau tækifæri sem gefast. Við teljum að markmiðum sé náð og starfsmenn deildarinnar meðvitaðir um hvernig skal skapa gott leikumhverfi fyrir börnin og hvert hlutverk þeirra sé í leiknum.

Læsisáætlun Fífuborgar

Starfsfólk deildarinnar var hvatt til að rifja upp hvað fælist í læsisáætlun Fífuborgar, einnig var farið yfir það á skipulagsdegi. Í upphafi skólavetrarins 2022-2023, vantaði allar merkingar á vegg, húsbúnað og leikfangahillur deildarinnar. Starfsmenn deildarinnar bættu úr því með góðri samvinnu, og límdu upp viðeigandi orð hér og þar um deildina sem sögðu til um hvað hlutirnir heita og merktu einnig leikfangahillur deildarinnar með myndum og texta. Börn deildarinnar eru dugleg að kroppa merkingar af veggjum svo það þarf að fara reglulega yfir og endurmerkja þar sem merkingar hafa týnst. Börnin eru áhugasöm um að sjá öll þessi orð á veggjunum og veltu fyrir sér hvað stæði á miðunum. Bækur og ritföng eru aðgengileg fyrir börnin, sæti þeirra í samverustundum eru merkt með nafni og afmælisdegi viðkomandi barns og lög mánaðarins eru sungin í samverustundum fyrir hádegismat.



Styrkleikar: Starfsfólk deildarinnar er meðvitað um hvað felst í læsisáætlun Fífuborgar og hvaða leiðir er gott að fara til að hafa ritmálið sýnilegt fyrir börnin. Margt af því sem er í læsisáætluninni er orðið rótgróið inni í starfið með börnunum, eins og t.d í sögustundum að staldra við orð sem börnin skilja ekki eða heyra ekki oft.

Tækifæri til umbóta: Í læsisáætlun Fífuborgar er komið inn á orðaforðavinnu með börnum þegar verið er að lesa fyrir þau.

Kennarar eru duglegir að útskýra orð sem börnin skilja ekki en hafa ekki gert orðin sýnileg með því að



t.d skrifa þau niður búa til orðaorm sem væri hægt að nýta til að rifja upp orðin sem börnin skildu ekki og merkingu þeirra. Einnig er tækifæri til að skerpa á kynningu á málshætti og þulu mánaðarins.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsisáætlun Fífuborgar	Að festa markmið læsis- áætlunar Fífuborgar í sessi.	Starfsfólk rifji upp hvað felst í læsis- áætlun Fífuborgar Leggja áherslu á þulur og málshátt mánaðar- ins og útskýra ný orð fyrir börnunum	Deildarstjóri og starfsfólk Dvergheima	Haust 2023	Vor 2024	Á deildarfundum með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir veturinn.	Að börnin öðlist innsýn í fjölbreytileika tungumálsins með því að læra ný orð og þekki hina ýmsu málshætti og þulur.

Nýir umbótaþættir fyrir skólaárið 2023-2024

Ella umhverfisdúkka

Leikskólinn Fífuborg er grænfánaleikskóli og hefur tekið þátt í því verkefni frá árinu 2013. Til að minna okkur á það eigum við brúðuna Ellu umhverfisdúkku, hún fræðir börnin um umhverfisvitund í hverjum mánuði með mismunandi áherslur á milli mánaða. Ella umhverfisdúkka er handbrúða sem fer á milli deilda leikskólans og staldra við í viku á hverjum stað. Ella umhverfisdúkka á sinn fræðslupoka sem inniheldur bækur, spil og fræðsluspjöld með áherslur fyrir hvern mánuð ársins, aftan á fræðsluspjöldunum er vísað í lesefni er tengist fræðslu mánaðarins.

Markmiðið verður að Ella fari á milli deilda í hverjum mánuði og fræði börnin um umhverfisvitund og fara jafnvel með brúðuna í gönguferðir. Upplýsa foreldrar barnanna um hvenær Ella umhverfisdúkka er í heimsókn á deildinni og segja frá hvaða áherslur eru í hvert skipti. Allir starfsmenn taki þátt í



fræðslunni með Ellu umhverfisdúkku þá viku sem hún dvelur á deildinni og kynni sér þema hvers mánaðar.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Ella umhverfisdúkka	Starfsfólk kynni sér hlutverk Ellu umhverfis- dúkku og sé virkt í þeim verkefnum sem hún stendur fyrir.	Hafa Ellu umhverfisdúkku sýnilega þá viku sem hún dvelur á deildinni og nýta spil og bækur sem eru í pökanum hennar með börnunum.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn	2023	2024	Á deildarfundum með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir árið.	Að starfsfólk finni öryggi í því að vinna með Ellu í starfinu. Starfsfólk fái kynningu á leiðum til að vinna með Ellu í deildar- starfinu.

Opinn efniviður

Ákveðið var að rýna betur í það hvort sé verið að vinna með opinn efnivið og hvort börnin í Fífuborg hafi aðgang að opnum efnivið í leik og starfi yfir leikskóladaginn.

Opinn efniviður hefur ekki fyrir fram ákveðið hlutverk eða útkomu. Opinn efnivið er hægt að nota á fjölbreyttan hátt og útkoman er hvorki röng né rétt. Opinn efniviður ýtir undi sköpunarkraft og hugmyndaflug og tjáningu barnanna. Með opnum efnivið fá allir að njóta sín á sínum forsendum.

Dæmi um opinn efnivið eru einingakubbar, holukubbar, lego ef það eru ekki fyrirmyndir eða karlar í leikfangakassanum o.fl. Opinn efniviður í listsköpun getur verið málning, penslar, litir og blýantar, börnin finna sinn innri listamann og teikna og mála það sem þeim langar til án fyrir fram ákveðinnar útkomu, myndir barnanna þurfa ekki að vera einsleitar í listsköpun.

Í leik með opinn efnivið er það ferlið, nálgunin og vinna barnanna sem skiptir máli fremur en útkoman.



Opinn efniviður: Hvetur til samskipta og samvinnu barnanna, er leikefni sem virkjar ímyndunaraflíð er verðlaus efniviður og hægt er að nota ýmislegt í leikinn og listsköpun sem annars færi í endurvinnslu

UMBÓTABÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Opinn efniviður	Kynna þann opna efnivið sem við eigum og segja frá hvernig er unnið með hann á skipulagsdegi. Hver deild skoðar hvað er til af opnum efnivið og hvernig við erum að vinna með hann.	Allir starfsmenn kynni sér hvað opinn efniviður er og hvernig hann nýtist í leikskólastarfinu, rýni í leikefni barnanna og skoði hvort það sé boðið upp á leik og myndsköpun með opnum efnivið.	Stjórnendur, deildastjórar og allir starfsmenn leikskólans.	Haust 2023	Vor 2024	Umræður á skipulagsdögum og deildarfundum með starfsfólki leikskólans.	Að starfsfólk öðlist betri sýn á hvað sé opin efniviður og hvernig megi nýta hann í leik og starfi með börnum. Að starfsfólk bjóði börnunum upp á leikstundir og listsköpun með opnum efnivið.

3.2 Innra mat Hulduheimar

Málörvun í leik

Að tala um og ræða orð úr bókum, bæði þau sem kennari velur og orð sem börnin spyrja um er orðið að eðlilegri umræðu í sögustundum. Oft er rætt um orðin en þau líka skráð á miða sem hanga uppi á vegg. Áfram verður unnið með orðaorm. Í orðaorminum geta börnin skoðað orðið og spjallað um það til að



rifja upp merkingu þess og þá umræðu sem skapaðist. Við

munum halda áfram að nota orðaorm og tákni á deildinni til að auka orðaforða og orðaskilning hjá börnunum.



Teljum við að þessum þætti sé náð og verðum ávallt á vaktinni um að efla málörvun í öllum okkar athöfnum.

Hlutverk starfsmann í leik

Að efla börnin í frjálsum leik. Að geta betur aðstoðað þau börn sem eiga erfitt með að komast inn í leik og haldast í leik.

Starfsfólk eru orðið mjög meðvitað um leikinn og umhverfi hans, þ.e. hvernig góður leikur fer fram og það að vera til staðar. Á vordögum fékk allt starfsfólk leikskólans fræðslu um leikinn á fyrirlestri á starfsdegi. Starfsmenn hafa verið virkir á leiksvæðum og gripið inn í leikinn þegar þess gerist þörf, hafa



gefið börnum tækifæri til að leysa sjálf vanda sem kemur upp og fá síðan aðstoð ef þörf krefur. Í samveru fengu börnin tækifæri til lýðræðislegra kosningar um hvað var í boði. Þau höfðu tök á að



skipta eða fara á milli svæða og taka þannig þátt í leiknum með fleirum og á ólíkum svæðum. Þetta efldi samvinnu og samskipti milli barnanna. Þetta tókst mjög vel þannig að í lok vetrar voru allir að leika við alla í sátt og samlyndi. Börnin eru mjög góðir vinir. Við teljum að þessum þætti sem lagt var upp með sé náð, verðum meðvitaðar um leik barnanna og minnum hvor aðra á að

fylgjast vel með.

Könnunaraðferðin

Að vinna markvisst með könnunaraðferðina með áherslu á félagsfærni og samvinnu barna og nýta hana í sem flestu starfi á deildinni. Fyrir áramót gekk ekki vel að koma könnunaraðferðinni að í starfinu. Eftir áramótin komst skriður á þar sem við tókum þátt í Barnamenningarhátíð og unnum með *frið í umhverfi okkar*. Lærdómssamfélag starfsmanna um könnunaraðferðina náði ekki alltaf að halda reglulega fundi með starfsmönnum í vetur til að halda utan um könnunaraðferðina og hvetja deildirnar áfram í starfinu.



Vel tókst til með könnunaraðferðina þar sem mikill áhugi var á viðfangsefninu. Börnunum var skipt í þrjá hópa og hver hópur var með ákveðið viðfangsefni um *frið í umhverfinu*. Þau komu með sínar



hugmyndir um viðfangið, s.s. örsögu og unnu verkefnið út frá því og bjuggu t.d. til sundlaug, hús, fugla og friðarmerki. Haldin var sýning á því sem var tilbúið af verkefninu á afmælisdegi leikskólans í



lok mars. Afrakstur vinnunnar var á samsýningu fjögurra leikskóla í Grafarvogi. Sýningin var á Borgarbókasafninu í Spöng og var opin frá 18. til 28. apríl. Á útskriftardegi barnanna 24.maí fluttu þau þrjár örsögur. Þetta var spuni tveggja hópa og sá þriðji nýtti sér myndvarpa (glærur). Kennari las sögurnar við flutning.

Styrkleikar: Að börn þrói með sér færni í félagslegum samskiptum og samvinnu, læri að leita lausna sjálf þar sem þau eru virkir þátttakendur í ferlinu. Könnunaraðferðin er samvinnunámsaðferð sem hentar vel fjölbreyttum barnahópi. Mikilvægt er að allir kennarar taki þátt í þeirri vinnu sem tengist viðfangsefninu í hvert sinn til að fræðsla og verkefni verði sem fjölbreyttust.

Tækifæri til umbóta skólaárið 2023 - 2024

Halda könnunaraðferðinni í sem flestu starfi deildarinnar. Fundir lærdómssamfélagsins verða settir í dagatal leikskólans í haust til að festa þá frekar í sessi. Þar sem ekki tókst að koma könnunaraðferðinni að í verkefnum deildarinnar fyrir áramót verður tækifæri til að gera betur að hausti og markmiðið verður að vinna tvö verkefni með könnunaraðferðinni yfir skólaárið. Gera fleiri myndskráningar ásamt texta og vera með sýningu á afrakstrinum fyrir foreldra í lok verkefnisins/tímabils.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Könnunaraðferðin með áherslu á félagsfærni	Að festa könnunaraðferðina enn betur í sessi í leikskólanum og vinna þannig með alla lykilþætti Menntastefnu Reykjavíkur. Efla þátttöku og virkni allra starfsmanna	Halda áfram með lærdómssamfélag starfsmanna tengt verkefninu. Þannig miðla starfsmenn hvernig unnið er með skráningar og hvernig flétta má áherslu á félagsfærni inn í aðferðina. Gera myndskráningu og vera með sýningu fyrir foreldra.	Deildarstjóri, starfsfólk og fulltrúi deildarinnar í lærdóms- samfélaginu	2023	2024	Skráning á verkefnum sem unnin verða. Umræður í lærdómssamfélagi og kynning á starfsdögum frá þeim. Á deildarfundum með starfsfólki deildarinnar.	Að börnin þrói með sér færni í sam- skiptum, samvinnu og læri að leita lausna sjálf þar sem þau eru virkir þátt- takendur í ferlinu.

Læsisáætlun

Markmið að efla börn í að þekkja stafi og átta sig á að stafir sem eru margir saman búa til orðin sem við lesum. Starfsfólk deildarinnar rifjaði upp læsisáætlun Fífuborgar sem einnig var farið yfir á skipulagsdegi. Á deildinni var farið yfir þær merkingar sem fyrir voru og bætt við þar sem á vantaði. Einnig bættum við tölustöfum á klukkuna þar sem börnin geta séð mínútur sem hlaupa á 5,10, 15. Bækur, blöð, litir og blýantar eru alltaf til staðar og aðgengileg fyrir börnin. Síðari hluta vetrar er mikill áhugi fyrir því að búa til texta eftir forskrift. Hillur og leikfangakassar voru merkt, orð skrifuð við allskonar hluti inni á deildinni s.s. á veggjum, í lofti og fleiri stöðum. Lög sungin og



þulur lesnar og efni þeirra útskýrt, ýmsir leikir og borðspil í boði til að efla orðaforða barnanna. Málshættir voru lesnir í leikskólanum, einn í hverjum mánuði. Í vetur höfum við endurvakið þennan sið við góðar undirtektir barnanna. Í samveru eru sæti barnanna merkt með nafni og afmælisdegi, lög mánaðarins eru sungin fyrir hádegismat og allir hvattir til að taka þátt.

Styrkleikar: Starfsfólk er meðvitað um læsisáætlun Fífuborgar og kynnrir sér leiðir sem hægt er að gera til að hafa ritmálið sýnilegt fyrir börnin. Margt sem er í áætluninni er orðið rótgróið í starfi með börnunum s.s. í sögustundum. Þar eru orð og setningar útskýrðar og oft spyrja börnin um orð eða setningar sem þau skilja ekki enda höfum hvatt þau til þess að spyrja ef verið er að tala um eitthvað sem þau skilja ekki.



Tækifæri til umbóta skólárið 2022 - 2023

Í læsisáætlun Fífuborgar er komið inn á orðaforðavinnu með börnum þegar verið er að lesa fyrir þau.



Kennarar eru duglegir að útskýra orð sem börnin skilja ekki en hafa ekki oft gert orðin sýnileg með því að t.d. að skrifa þau niður og búa til „orðaorm“. Orminn ætti að nýta til upprifjunar og gagnlegrar umræðu í hópnum. Einnig er tækifæri til að skerpa á kynningu á málshætti og þulu mánaðarins. Útskýringar á söngtextum hafa tíðkast í vetur eins og vera ber.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsisáætlun Fífuborgar	Að gera markmið læsisáætlunar Fífuborgar enn betur sýnilegri á veggjum deildarinnar	Að starfsfólk lesi og kynni sér læsisáætlun Fífuborgar. Að leggja áherslu á að lesa og útskýra málshætti og þulur mánaðarins. Ýta þannig undir áhuga barnanna á bókstöfum og orðum í tungumálinu	Deildarstjóri og starfsfólk Hulduheima	Haust 2023	Vor 2024	Á deildarfundum með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir veturinn.	Að börnin öðlist innsýn í fjölbreytileika tungumálsins með því að læra ný orð og þekki nokkra íslenska málshætti og gamlar þulur.



Nýir umbótaþættir fyrir skólaárið 2023 - 2024

Ella umhverfisdúkka

Fífuborg er Grænfánaleikskóli og hefur tekið þátt í verkefninu síðan 2013. Til að minna okkur á það eigum við brúðuna Ellu. Hún eflir hjá börnunum umhverfisvitund í hverjum mánuði með mismunandi áherslum á milli mánaða. Ella er handbrúða sem fer á milli deilda leikskólans og staldrar við í viku á hverjum stað. Ellu fylgir fræðslupoki sem inniheldur bækur, spil og fræðsluspjöld



þar sem mismunandi áherslur eru fyrir hvern mánuð ársins. Markmiðið er að Ella fari á milli deilda í hverjum mánuði og eflir umhverfisvitund hjá börnunum og fari jafnvel með í gönguferðir.



Hver deild hefur Ellu í eina viku. Hafa skal hana sýnilega þegar hún er á deildinni, t.d. getur hún setið uppi á hillu í samveruherberginu og/eða frammi þar sem foreldrar sjá hana. Það auðveldar börnunum að muna eftir henni og spjalla við

foreldra um það sem hefur verið til umræðu. Einnig að senda upplýsingar til foreldra um hvað verið er að ræða þá vikuna, t.d. með tölvupósti eða upplýsingum fyrir framan deildina.

Þar að auki að tengja Ellu við yfirferð garðsins í leikskólanum, jafnvel að bjóða henni með ásamt tveimur börnum (t.d. umsjónarmönnum dagsins) eða búa til verkefni fyrir Ellu.

Í pokanum eru einnig ýmis spil sem börnin geta náð sér í þegar Ella er í heimsókn á deildinni. Þetta eru borð- og minnisspil en spilin tengjast öll umhverfisvernd.

Mikilvægt er að hafa þau aðgengileg í hillu fyrir börnin þá viku sem pokinn er á deildinni. Einnig að Lesa sögurnar um endurvinnslu og rifja upp þema hvers mánaðar en upplýsingar um bækur er aftan á þeim spjöldum sem fylgja hverju þema.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Ella endurvinnslu	Að starfsfólk kynni sér hlutverk Ellu og verði virkt í verkefnum/þema hvers mánaðar sem hún býður upp á. Að gera hana sýnilegri fyrir börnum og foreldrum. Með því að senda foreldrum upplýsingar í tölvupósti og / eða hengja fyrir framan deildina.	Hafa Ellu sýnilega þá viku sem hún er á deildinni. Börnin nýti sér spil og bækur sem fylgja í pokanum.	Deildarstjóri og starfsfólk	Haust 2023	Vor 2024	Á deildarfundum með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir árið	Að starfsfólk finni til öryggis við að vinna með Ellu í starfi. Að starfsfólk fái kynningu á leiðum til að vinna með Ellu á deildinni

Opinn efniviður

Ákveðið var að rýna betur í hvort verið sé að vinna með opinn efnivið og hvort börnin á Fífuborg hafi aðgang að opnum efnivið í leik og starfi yfir leikskóladaginn. Við fengum fyrirlestur um opinn efnivið á skipulagsdegi vorið 2022.

Opinn efniviður hefur ekki fyrir fram ákveðið hlutverk eða útkomu. Opinn efnivið er hægt að nota á fjölbreyttan hátt og

útkoman er hvorki röng né rétt. Opinn efniviður ýtir undi sköpunarkraft, hugmyndaflug og tjáningu barnanna. Með opnum efnivið fá allir að njóta sín á sínum forsendum. Opinn efniviður er einingakubbar, holukubbar, kaplakubbar, leir, lego ef það eru ekki fyrirmyndir eða karlar í leikfangakassanum ofl. Opinn efniviður í listsköpun getur verið málning, penslar, litir og blýantar, börnin finna sinn innri



listamann og teikna og mála sem þau langar til án fyrir fram ákveðinnar útkomu, myndir barnanna þurfa ekki að vera einsleitar í listsköpun.

Í leik með opinn efnivið er það ferlið, nálgunin og vinna barnanna sem skiptir máli, fremur en útkoman. Opinn efniviður hvetur til samskipta og samvinnu barnanna og er skemmtilegt leikefni sem kemur ímyndunaraflinu af stað. Opinn efniviður er verðlaus efniviður sem gefur marga möguleika í leiknum og listsköpun sem annars færi í endurvinnslu. Hann nýtist einn og sér eða blandað saman við annan efnivið og ímyndunaraflið notað.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Opinn efniviður	Að kynna opinn efnivið á skipulagsdegi og sýna hvernig best er að vinna með hann. Að starfsfólk sé meðvitað um að hafa opinn efnivið alltaf í boði. Að kenna börnum að nýta þann aukaefnivið sem í boði er s.s. í einingakubbum	Að börnin hafi gott aðgengi að opnum efnivið. Að börnin fái tækifæri til að nota ímyndunarafl sitt í leiknum.	Deildarstjóri og starfsfólk	Haust 2023	Vor 2024	Á deildarfundum með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir árið.	Að börn geti nýtt sér opinn efnivið í leik og læri að þekkja hann t.d. í umhverfi sínu. Að starfsfólk verði meðvitað um hvað og hvernig opinn efniviður er og hvað möguleika hann býður upp á.



3.3 Innra mat Álfheima

Þeir umbótaþættir í starfinu sem ákveðið var að skoða skólaárið 2022-2023 voru könnunaraðferðin með áherslu á félagsfærni, hlutverk starfsmanna í leik og læsisáætlun Fífuborgar.


Könnunaraðferðin:

Í vetur lögðum við aðaláherslu á félagsfærni samhliða könnunaraðferðinni líkt og við gerðum síðasta vetur. Okkur fannst það henta mjög vel þar sem við erum alltaf að vinna með samvinnu og félagslega



þáttinn í okkar starfi. Við máttum verkefnið líkt og áður. Gerðum hugarkort, skráningar og tókum myndir. Foreldrar fengu reglulega pósta um verkefnið og eins reyndum við að hafa afrakstur verkefnisins eins sýnilegan og við gátum. Við byrjuðum eftir áramót á könnunaraðferðinni og sjáum að það hentar okkar deild best að vinna að þessu verkefni seinni part vetrarins þegar allt jólastússið er búið.

Við fórum að lesa og hlusta á tónlistina um Pétur og Úlfinn. Nokkur börn byrjuðu að sýna mikinn áhuga á úlfinum. Við lásum einnig fleiri ævintýri þar sem úlfurinn er í aðalhlutverki eins og Rauðhetta og úlfurinn, Grísirnir þrír og Kiðlingarnir sjö. Við gripum þennan áhuga og fórum að tala um úlfinn. Við byrjuðum á að gera hugarkort til að finna út hvað við vissum um úlfinn. Flest öll tengdu eitthvað hræðilegt við úlfinn, að hann væri grimmur og borðaði fólk.



Það var þýskur kennaranemi hjá okkur sem sagði krökkunum frá því að húsið hennar væri rétt hjá stórum skógi þar sem úlfar væru. Þannig varð úlfa verkefnið okkar smátt og smátt mjög lifandi og skemmtilegt. Við skoðuðum myndir og myndbönd. Hengdum upp myndir af úlfi í ýmsum gervum og sýndum hann bæði sem grimman og ljúfan.



Við teiknuðum upp úlf í fullri stærð og lituðum hann.

Hengdum hann upp og höfðum mælistiku hjá svo krakkarnir gátu mátað sig við úlfinn.

Við gerðum úlfa fótspor í raunstærð og máluðum margar myndir af úlfum. Í frjálsa leiknum höfðum við úlfa inniskó sem þau notuðu mikið. Sá sem setti þá á sig varð úlfur og

átti hann að reyna að borða hina. Svo fundu þau út leið í sameiningu til að láta úlfinn ekki „borða“



þau og til að hann myndi bara sofna. Þau voru mjög dugleg að skiptast á að vera úlfurinn og var það mjög vinsælt að vera hann.




Við fléttuðum verkefnið inn í tónlistarstundir og gönguferðir. Í tónlistarstundum var það Pétur og úlfurinn sem við hlustuðum á. Eins bjuggu krakkarnir til „úlfa“ hljóðfæri sem þau notuðu í tónlistarstundum. Í gönguferðum vorum við að leita að úlfa fótsporur og úlfum. Vinsælasta lagið á deildinni var lagið „Give that wolf a banana“ sem var norska eurovision lagið frá árinu 2022. Og var vinsælt að gefa úlfinum banana

eða þeim sem var að leika hann í frjálsa leiknum, þannig myndi hann ekki borða þau.

Til að vinna með félagsfærni unnum við mikið með að mynda góða samvinnu. Við pössuðum að allir fengju tækifæri til að tjá sig og vera með. Börnin æfðu sig í að skiptast á, gefa næsta sem beið, bíða sjálf og virða það sem hinir voru að gera, æfðu sig í að segja frá og hlusta á hina.



Á opna deginum þegar Fífuborg hélt upp á 30 ára afmælið sitt komu foreldrar í heimsókn og fengu að skoða afraksturinn frá verkefninu okkar. Við vorum búin að setja upp fullt af myndum og upplýsingum um verkefnið, bæði inn á deild og frammi á göngum. Margir foreldrar komu til að skoða



og gekk þetta mjög vel. Eftir það fór áhugi krakkana dvínandi og sáum við að þetta áhugaverða og skemmtilega verkefni um úlfana væri lokið.

Það sem var ábótavant hjá okkur var að fá börnin til að meta sjálf verkefnið markvisst yfir allt tímabilið. Þetta er eitthvað sem við þurfum að gera betur. Eins voru ekki nógu margir fundir hjá lærdómssamfélagi könnunaraðferðarinnar og þar af leiðandi var ekki verið að ræða mikið á milli deilda hvað hinir voru að gera. Þetta viljum við bæta næsta vetur.

Við viljum líka vinna að gátlista um félagsfærni fyrir öll börn í Fífuborg, eitthvað sem við ætluðum að gera síðasta vetur en náðist ekki. Við viljum jafnframt meta félagslega þáttinn á fjölbreyttari máta. Skoða vinnuna með Blæ í leikskólastarfinu okkar og Völu vinadúkkum.

Styrkleikar: Við einbeittum okkur að félagsfærni og sáum að best væri að vinna með samvinnu, virðingu og virkni. Við sáum svo greinilega á öllum leik



barnanna og teikningum hvað mikið hafði skilað sér og þau lært mikið á þessum tíma. Við sáum hvað best hversu vel félagsfærni hafði skilað sér í frjálsa leiknum. Þar fengu einstaklingar sem almennt halda sig til hlés tækifæri á að vera úlfurinn og náðu þannig að vera með í leiknum. Fengu viðurkenningu og virðingu.

Við stefnum að því að festa könnunaraðferðina enn frekar inn í starfið okkar og næsta vetur verður áfram lögð áhersla á félagsfærni.

Umbóta- þættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst/L okið	Endurmat: hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Könnunar- aðferðin	Að vinna áfram með könnunaraðferðina þannig að hún festist enn frekar í sessi. Að leggja áherslu á félagsfærni. Að upplýsa foreldra um framvindu verkefnisins. Stefnum að því að taka fyrir eitt stórt verkefni efir jól.	Að starfsfólk noti fjölbreyttar aðferðir til að skrá niður vinnu barnanna. Að fá börnin til að meta meira sjálf reglulega yfir tímabilið.	Stjórnendur og deildarstjórar	2023- 2024	Skráningar á verkefnum jafnt og þétt. Á skipulagsdögum og deildarfundum með starfsfólki reglulega yfir árið. Virkari umræður í lærdómssamfélagi og á milli deilda.	Að starfsfólk vinni með könnunar- aðferðina til að styðja við þekkingarleit barnanna. Að börnin fái verkefni sem vekja upp forvitni þeirra, hvetja þau til rannsókna, kannana og lausnaleita. Að börnin þrói með sér færni í samskiptum og þroski með sér betri félagsfærni í gegnum könnunaraðferðina. Að foreldrar þekki þemað sem verið er að vinna með hverju sinni.



Hlutverk starfsmanna í leik:

Við höfum alltaf haft það að leiðarljósi að vera til staðar þar sem börn eru að leik og geta gripið inn í og stutt við leikinn þegar það á við. Ætlunin var að rýna betur í hlutverk starfsmanna í leik barnanna þetta skólaár og tókst það ágætlega. Við ræðum reglulega saman um leikinn á deildarfundum og er allt starfsfólk meðvitað um mikilvægi þess að vera til staðar í leiknum. Við fengum líka fyrirlestur í vetur um hlutverk starfsmanns í leik. Við þurfum að leggja okkur sérstaklega mikið fram á haustin þegar við fáum ný börn til okkar, þau eru ung og kunna oft ekki almennilega að leika í hóp. Við hjálpum þeim að byrja að leika og styðjum svo við leikinn og erum til staðar. Við reynum að finna út þá einstaklinga sem vantar meiri aðstoð og einbeitum okkur að þeim til að efla leikfærni þeirra.

Styrkleikar: Við erum orðin mun meðvitaðri varðandi mikilvægi okkar í leik. Gott var að taka þetta markvisst fyrir í vetur til að festa þetta í okkar daglega starf.

Við teljum að þessum þætti sé náð.

Læsisáætlun Fífuborgar

Við ákváðum að rýna betur í starf okkar út frá læsisáætlun Fífuborgar.

Markviss vinna náðist ekki eins vel og við hefum viljað þennan vetur og ætlum við að taka þennan umbótaþátt aftur næsta vetur. Við náðum samt að skoða deildina aðeins út frá því hvort gott aðgengi væri að fjölbreyttu málörvandi efnivið. Við bættum stílabókum og skriffærum á einingakubbasvæðið. Blöð, blýantar og litir eru í hæð barnanna og geta þau náð í það hvenær sem er. Bækur eru í bókahillu sem þau eiga auðvelt með að nálgast. Við erum með sætin í samverustund merkt bæði með



nafni og tákni hvers og eins. Veggspjald með bókstöfum er á vegg í þeirra hæð á tveimur stöðum á deildinni, sem og tölustafir. Lubbaspjöldin fara upp á vegg (í þeirra hæð) um leið og við erum búin að fara yfir þau. Við tókum okkur á að merkja hillurnar með leikföngunum en enn vantar aðeins upp á



þar. Eins vantar orðamerkingar á ýmsa hluti sem er í umhverfinu okkar inn á deild.

Við viljum líka koma bæði þulum og málsháttum betur inn í starfið okkar. Eins viljum við leggja meiri áherslu á rím. Sjónrænt umhverfi barnanna gæti verið betra. Gaman væri að gera þulur og málshætti myndrænni svo þau skilji betur og væri það auðveldara fyrir okkur að vinna með þessa þætti í leik og starfi.



Við þurfum einnig að fara betur og markvissara yfir læsisáætlun Fífuborgar, en það gáfust ekki nógu mörg tækifæri til þess í vetur. Við viljum athuga hvort við séum að vinna samkvæmt stefnunni og hvað megi bæta. Skoða ýmsa þætti betur og vinna markvissara með þá. Er barnið í brennidepli og er unnið út frá stöðu þess, reynslu og áhugasviði? Hafa börnin gott aðgengi að fjölbreyttum málörvandi efnivið, skriffærum, bókum og tæknimiðlum sem stuðla að verkkunnáttu, máli og læsi.

Umbóta-þættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst/Lokið	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Læsisáætlun Fífuborgar	Að starfsmenn endurmeti hvort það sé verið að fylgja læsisáætlun Fífuborgar til hlítar. Hvar getum við gert betur og hvaða leiðir getum við farið til að ná því markmiði. Að upplýsa foreldra um mikilvægi bernskulæsis. Að styðja við börn með annað tungumál en íslensku.	Allir starfsmenn kynni sér læsisáætlun Fífuborgar og skoða hvort við séum ekki að fara eftir henni.	Stjórnendur og deildarstjórar	2023-2024	Á deildarfundum með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir árið.	Að starfsfólk öðlist betri sýn á læsisáætlunina. Að starfsfólk fái kynningu á leiðum til að vinna með áætlunina í leikskólastarfinu.



Nýir umbótaþættir fyrir skólaárið 2022 – 2023

Ella umhverfisdúkka

Leikskólinn okkar er Grænfánaleikskóli síðan 2013. Grænfána þemað okkar þetta ár er lífbreytileikinn. Til dæmis hvað gerir moldin og lífríkið í henni fyrir náttúruna okkar. Hvað gera fuglarnir o.s.frv. Í vetur ætlum við að vinna með þetta þema með krökkunum bæði í minni og stærri verkefnum. Fá foreldrana með í samstarf og tengja þannig leikskóla og heimili betur.



Ella umhverfisdúkka hefur komið til okkar einu sinni í mánuði til að fræða okkur um endurvinnslu og flokkun, matarsóun og fleira tengt verndun umhverfis okkar. Í vetur náðist ekki að vinna með Ellu eins mikið og við hefðum viljað. Ella hefur dálítið gleymst og viljum við endurvefja hana og vinna markvissara með hana næsta vetur. Með Ellu fylgir poki með gögnum, spilum, púsluspilum og bókum. Við ætlum að uppfæra pokann, fá eitthvað nýtt í hann sem myndi vekja áhuga krakkanna. Hvort sem það væri aðkeypt eða búið til.

Við viljum nýta Ellu betur inn í allt hefðbundið starf okkar t.d. í gönguferðum, tónlistarstund, hreyfistund og útiveru. Þá viku sem Ella er hjá okkur viljum við virkja krakkana betur. Við myndum fá krakkana með okkur í að tína rusl í garðinum, flokka og henda rusli. Gæta þess að við hendum ekki of miklum mat o.s.frv. Við myndum vilja hafa bækur, spil og gögn tengt Ellu sýnileg í hillu svo krakkarnir geti sjálf nálgast það.

Umbóta-þættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst/Lokið	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Ella umhverfisdúkka	Starfsfólk kynni sér hlutverk Ellu umhverfis-dúkku og sé virkt í þeim verkefnum sem hún stendur fyrir.	Hafa Ellu umhverfisdúkku sýnilega þá viku sem hún dvelur á deildinni og nýta spil og bækur sem eru í pokanum hennar með börnunum.	Deildarstjórar og starfsfólk.	2023-2024	Á deildar-fundum með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir árið.	Að starfsfólk finni öryggi í því að vinna með Ellu umhverfisdúkku í starfi bæði úti og inni. Starfsfólk fái kynningu á leiðum til að vinna með Ellu í deildar-starfinu.



Opinn efniviður

Fífuborg er Grænfánaskóli og höfum við lagt okkur fram um að vinna með opinn efnivið með krökkunum. Við fengum í fyrra fyrirlestur tengt þessu og fórum við þá að skoða hvað við erum að bjóða upp á fyrir krakkana inn á deild.

Við erum með einingakubbana inn á deild. Með einingakubbum erum við með ýmis auka efni eins og skriffæri, litla litaða kubba og tuskur. Við erum með liti og blöð sem krakkarnir geta alltaf tekið og notað. Þemakassar sem hægt er að fá lánaða eru mjög vinsælir og bjóða þeir upp á fjölbreyttan leik. Okkur finnst við geta gert betur og ætlum að taka næsta vetur í það að finna leiðir til þess. Markmið okkar er að kynna starfsfólki betur hvað sé opinn efniviður á skipulagsdögum. Ræða saman hvernig við getum unnið með hann og gert hann sýnilegri á deildinni og almennt í okkar daglega starfi.

Umbóta-þættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst/L okið	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Opinn efniviður	Að starfsmenn finni leiðir til að nota opinn efnivið meira inn á deild og í útiveru. Hvar getum við gert betur og hvaða leiðir getum við farið til að ná því markmiði.	Allir starfsmenn verði virkir í því að vinna með opinn efnivið. Að starfsmenn lesi sér til um fræðin á bak við að nota opinn efnivið í leik barna. Fá fræðslu um opinn efnivið.	Deildarstjórar og starfsfólk.	2023-2024	Á deildar-fundum með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir árið.	Að starfsfólk finni öryggi í því að vinna með opinn efnivið í starfi bæði úti og inni.



3.4 Innra mat Ljósheima

Könnunaraðferðin með áherslu á félagsfærni

Á Ljósheimum þar sem yngstu börn Fífuborgar stunda nám höfum við ákveðið að byrja ekki að vinna með könnunaraðferðina fyrr en eftir áramót því við viljum gefa börnunum góðan tíma til að aðlagast og verða örugg í leikskólanum. Börnin hafa mismikið mál og eru mis framfærin og því getur verið erfitt að fá frá þeim hvað þau vilja vinna með í könnunaraðferðinni. Starfsfólkið ákvað því að vinna



með vatnið en við höfum gert það áður og gekk það mjög vel.

Okkur finnst gott að velja viðfangsefni þar sem hægt er að vinna mörg verkefni tengd efninu frekar en að vera með miklar umræður.

Við lásum bækur tengdar vatninu, sungum lög, vorum með umræður, gerðum ýmis

verkefni þar sem vatn kom við sögu (vatnslita, þrifum leikföngin okkar, sulluðum með vatn bæði inni og úti, prófuðum að stíga í misheitt vatn o.s.frv.). Við gerðum hugarkort í upphafi verkefnisins og svo bættum svo við það nokkrum vikum seinna. Við tókum fullt af myndum til að skrá niður það sem við vorum að gera og hengdum upp fyrir börnin til að skoða og rifja upp.



Myndirnar voru einnig settar inn á Völu þannig að börn og foreldrar gætu skoðað þær saman og rætt saman um hvað barnið er að gera í leikskólanum. Foreldrum var boðið á opið hús í tilefni 30. ára afmælis Fífuborgar og þar sýndum við frá verkefninu okkar.

Styrkleikar: Allir voru áhugasamir um verkefnið og fannst gaman að fá að sulla með vatn. Starfsfólk var meðvitað um að grípa tækifærin sem gáfust til að vinna með vatnið t.d. einn daginn snjóaði og þá fór starfsmaður út og náði í snjó og setti í box og við fylgdumst með hvernig snjórinn breyttist í vatn.

Tækifæri til umbóta skólaárið 2022 - 2023: Lærdómssamfélag starfsmanna um könnunaraðferðina gat því miður ekki komið saman eins oft og við stefndum að og því tækifæri til að gera betur þar næsta vetur.



UMBÓTAPÁTTUR / MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Könnunar- aðferðin með áherslu á félagsfærni	Að vinna með könnunar- aðferðina þannig að hún festist betur í sessi. Gera a.m.k eitt verkefni eftir áramót og reyna að lesa í börnin hvar áhugi þeirra liggur.	Að lærdóms- samfélag starfsmanna um könnunar- aðferðina hittist reglulega og þannig sé hægt að miðla til annarra starfsmanna og þannig styrkist allir í vinnu með könnunar- aðferðina	Allt starfsfólk deildarinnar og fulltrúi deildarinnar í lærdóms- samfélaginu	Haust 2023	Vor 2024	Skráningar á verkefnunum sem unnin verða í myndum og ritmáli. Umræður í lærdóms- samfélagi, á deildarfundum og á skipulagsdögum	Að starfsfólk vinni með könnunar- aðferðina og styðji börnin í að þróa með sér færni í samskiptum, samvinnu og læri að leita lausna sjálf þar sem þau eru virkir þátttakendur í ferlinu

Hlutverk starfsmanna í leik



Starfsmenn eru meðvitaðir um mikilvægi þess að gera umhverfi fyrir leikinn gott og að vera til staðar í leiknum og styðja við hann. Einnig að aðstoða þau börn sem eiga erfitt með að komast inn í leikinn og styðja þau í að fá að vera þátttakendur í leiknum. Allt starfsfólk leikskólans fékk fræðslu um leikin á fyrirlestri á skipulagsdegi.

Styrkleikar: Mikill stöðugleiki hefur verið í starfmannahópi Ljósheima undanfarin ár og allt starfsfólkið er með margra ára reynslu af því að vinna í leikskóla og þekkir því hlutverk starfsmanna í leik barna vel. Við ræðum þetta reglulega á deildarfundum og ætlum að halda því áfram. Annars teljum við þetta í góðum farvegi hjá okkur.



Læsisáætlun Fífuborgar

Í síðustu starfsáætlun var ákveðið að allt starfsfólk Fífuborgar myndi lesa læsisáætlun Fífuborgar og þannig rifja upp hvað felst í henni og þekkja stefnu leikskólans varðandi bernskulæsi. Farið var yfir læsisáætlunina á starfsmannafundi og svo ræddi hver deild hvernig gengur að vinna eftir þessari áætlun. Við á Ljósheimum vorum nokkuð ánægð með okkur og fannst við vera að gera mest allt sem þar stendur, aðlagð að þeim aldri sem við erum með. Börnin sem við erum búin að vera með í vetur eru flest mjög áhugasöm um að láta lesa fyrir sig og biðja oft um það. Einnig er búinn að vera mikill



áhuga á bókstöfum núna seinni part

vetrar og veggspjöld með bókstöfum mikið skoðuð og spáð í hver eigi hvaða staf. Leikföng og hlutir eru merktir en börnunum finnst alltaf jafn gaman að plokka þetta af og því þarf að endurnýja merkingar reglulega. Bækur er aðgengilegar fyrir börnin og eru mikið skoðaðar. Við hengjum upp ljósmyndir frá því sem við erum að gera til að hægt sé að ræða við börnin og rifja upp hvað við erum búin að vera gera. Við reynum að

staldra við orð sem börnin þekkja ekki og útskýra þegar við erum að lesa bækur, segja sögur, fara með þulur eða syngja ný lög.

Styrkleikar: Margt af því sem stendur í læsisáætlun Fífuborgar er orðið rótgróið í starfinu hjá okkur og starfsfólk meðvitað um hvað er gott að gera til að vinna með þessa þætti. Við ræðum reglulega um nauðsyn þess að nota fjölbreytt mál með börnunum og passa að ræða við alla og að allir fái tækifæri til að tjá sig. Við teljum að á Ljósheimum gangi vel að vinna eftir læsisáætlun Fífuborgar og ætlum við halda áfram á sömu braut næsta vetur.

Nýir umbótaþættir fyrir skólaárið 2023-2024

Ella umhverfisdúkka

Í Fífuborg eigum við dúkku sem við köllum Ellu umhverfisdúkku og hjálpar hún okkur að fræða börnin um umhverfismál. Ella er í stórum poka ásamt allskyns fræðsluefni, bókum, spilum og öðru efni sem tengist umhverfisfræðslu. Þessi poki á að ganga á milli deilda og vera í eina viku á hverri deild í senn. Undanfarin tvö ár hefur ekki gengið nógu vel hjá okkur að láta Ellu fara á milli deilda og nú er kominn



tími til að laga það og finna leiðir til að láta þetta virka eins og það á að gera. Við ætlum einngi að fara yfir pokann hennar Ellu og skoða hvort við finnum ekki eitthvað nýtt og spennandi í hann.

Ella hjálpar okkur að vinna að því þema sem við erum að vinna með hverju sinni og tengist Grænfánanum en Fífaborg hefur verið Grænfánaleikskóli síðan 2013. Næsta skólaár verður þemað lífbreytileikinn tekið fyrir. Við ætlum einnig að upplýsa foreldra betur um hlutverk Ellu og hvað hún er að fræða börnin um þegar hún kemur til okkar.

UMBÓTAPÁTTUR / MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Ella umhverfis- dúkka	Að Ella umhverfis- dúkka fari á milli deilda allan veturinn og sé notuð til að fræða börnin um umhverfis- mál. Að foreldrar fái upplýsingar um hvað Ella er að fræða börnin um.	Að skrifa í dagbók hvað vikur Ella á að koma til okkar á Ljósheima. Fara með Ellu á næstu deild þegar okkar vika er búin.	Stjórnendu r Deildarstjó ri og allt starfsfólk	Haust 2023	Vor 2024	Á deildarstjóra- fundum og deildarfundum	Að Ella hafi komið á Ljósheima fjórðu hverja viku allan veturinn og verið notuð til að fræða börnin um umhverfismál.

Opinn efniviður

Við ætlum að skoða betur hvort verið sé að vinna með opinn efnivið og hvort börnin á Ljósheimum hafi aðgang að opnum efnivið í leik og starfi yfir leikskóladaginn.

Opinn efniviður hefur ekki fyrir fram ákveðið hlutverk eða útkomu. Hann er hægt að nota á fjölbreytan hátt og enginn útkoma er röng né rétt. Opinn efniviður ýtir undi sköpunarkraft, hugmyndarflug og tjáningu barna. Með opnum efnivið fá allir að njóta sín á sínum forsendum. Dæmi um opinn efnivið eru m.a. einingakubbar, holukubbar, dót sem notað er í könnunarleik og kubbar.

Í leik með opnum efnivið er það ferlið, nálguninn og vinna barnanna sem skiptir máli, fremur en útkoman.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Opinn efniviður	Að opinn efniviður sé til staðar fyrir börnin í leik og starfi alla daga. Að starfsfólk kynni sér og fræðist um hvað er opinn efniviður	Skoða þann efnivið og leikföng sem við erum með og auka hlutdeild og notkun opins efniviðar.	Deildarstjóri og starfsfólk Ljósheima	Haust 2023	Vor 2024	Umræður á deildarfundum og skipulagsdögum	Að starfsfólk þekki og viti hvað er opinn efniviður og sé öruggt í vinnu með hann.



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

<p>Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Unnið er eftir hugmyndafræði menntunar án aðgreiningar og snemmtækrar íhlutunar. Gerðar eru markvissar skráningar til að halda utan um hvað unnið er með, hvað hefur áunnist og til að setja ný markmið. Skráningar eru einnig gerðar í almennu starfi t.d. atferlisskráningar, tíðniskráningar varðandi hegðun og færniskráningar.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>TRAS, EFI-2 og Hljóm-2 eru lögð fyrir öll börn leikskólans. Önnur matsgögn sem eru notuð eru AEPS matslistinn, Íslenski þroskalistinn, Smábarnalistinn, Orðaskil, ýmsir færnisráningarlistar og gátlistinn Sjálfsmynd og félagsfærni (SFS).</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Námshöggn sem notast er við eru bæði aðkeypt og heimagerð s.s. Lærum og leikum, Lubbi finnur málbein, SÓL, spil, leikföng, bækur og ýmis gögn, upplýsingar og fræðsla frá Austurmiðstöð, lærdómssamfélagi sérkennslustjóra og MML</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sambætting þjónustu í þágu farsældar barna	Að starfsfólk fylgist með og bregðist við með velferð og farsæld allra barna að leiðarljósi.	Fundir 1x í mánuði með lausnateymi leikskólans og fundargerðir haldnar. Kynna sambættingu þjónustu og tengilið leikskólans fyrir foreldrum og starfsfólki.	Leikskólastjóri/ sérkennslustjóri ásamt stjórnendateymi leikskólans	Þegar hafið	2026	Markvisst endurmetið á stjórnendafundum á haustönn og vorönn. Nýta fundargerðir.	Að þjónusta við börn fari í skýrari farveg og snemmtæk íhlutun verði markviss. Að börn og foreldrar hafi góðan aðgang að tengilið.



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagni er fyrst og fremst varið til málörvunar sem sérkennslustjóri og starfsmenn deilda hafa sinnt en einnig til kaupa á námsgögnum.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið er með grunnorðaforða bæði í skipulögðum stundum, leik og daglegu starfi s.s unnið með lykilorð í sögustundum, með könnunaraðferðinni og könnunarleikum, Gefðu 10 og ríkulegu málumhverfi.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Markvisst er unnið að því að dýpka orðaforðann t.d. í sögu- samveru- og málörvunarstundum og með könnunaraðferðinni og það síðan yfirfært í leik
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Notast er við Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn og <i>Einn leikskóli mörg tungumál</i> til að fylgjast með framförum fjöltyngdra barna ásamt því að nota fleiri matstæki s.s. Orðaskil og TRAS til að meta nánar málþroska ef þörf er á.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Áhersla er lögð á að vinna með alla þætti málsins í gegnum leik, daglegt starf, skipulagðar stundir og málörvunarstundir. Byggt er á styrkleikum barna í öllu starfi.



Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hlutverk fjölmennigartengiliðs	Samstarf við deildir um málefni fjöltyngra barna.	Styðja við málörvun fjöltyngra barna. Nota aðferðir líkt og gefðu 10, orðaspjalls- aðferðina og myndrænt dagskipulag á deildum. Halda áfram með og auka notkun TMT.	Tengiliður fjölmennigar	Ágúst 2023	Júní 2024	Umræðumat á deildarfundum	Málörvun fjöltyngra barna verði vel skilgreind og skipulögð. Deildir tileinki sér málörvandi aðferðir sem gagnast fjöltyngdum börnum sem og öllum börnum deilda

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars og maí 2023. Deildarstjórar tóku viðtölin við sitt starfsfólk í mars og leikskólastjóri tók viðtöl við allt starfsfólk í maí. Á næsta skólaári munu þessi samtöl verða skipulögð að hausti í október og að vori í mars eða apríl. Tilgangur starfsþróunarsamtala er að skapa vettvang og taka frá stund til að heyra hvernig starfsmönnum líður. Einnig að hlusta á óskir þeirra varðandi starfsþróun og í lok samtals að vori setur starfsmaður sér markmið sem hann vinnur að í starfi sínu. Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir starfsþróun skólaársins 2022-2023.



Tímabil	Námskeið - fyrirlestrar	Hverjir
13.06.2022	ADHD og leikskólinn – Hvað getum við gert? -Jóna Gunnarsdóttir.	Deildarstjóri
17.08.2022	Fræðsla um vinnu með málstefnur. Fyrir stjórnendur í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi. Miðja máls og læsis.	Sérkennslustjóri
01.09.2022	50 Skills umsóknarkerfi. SFS	Leikskólastjóri Aðstoðarstjóri
Sept. '22 – mars '23	Málörvun í sögum og söng. Menntafléttan.	Deildarstjóri
16.09.2023	Lubbanámskeið, Lubbasmiðjan. Gerðuberg.	Deildarstjóri x 2
19.09.2022.	Örnámskeið um kynferðislegt ofbeldi fyrir leikskóla. Harpa Oddbjörnsdóttir, sálfræðingur í Barnahúsi.	Aðstoðarstjóri
22.09.2022	Lof mér að leika, áhersla á umhyggju og virðingu fyrir yngstu börnunum. Ráðstefna fyrir starfsfólk leikskóla í Reykjavík. SFS	Allir starfsmenn
Sept. '22 – apríl '23	Lærdómssamfélag læsisteyma leikskóla. Miðja máls og læsis.	Deildarstjóri
20.09.2022	Lykilaðilar í þjónustu við börn. – Berglind og Unnur Helga BOFS, Orri PON og Hákon VEL	Sérkennslustjóri Aðstoðarstjóri
29.09.2022	Hvað er börnum fyrir bestu? Ráðstefna á vegum FL	Sérkennslustjóri
13.09.2022	Gleði og hamingja í starfi – Seth Randolph Sharp verefnisstjóri SFS. Verkefni og fyrirlestur í bland.	Sérkennslustjóri
Október 2022	Fræði og starf á vettvangi fyrir leiðsagnarkennara	Deildarstjóri
Okt. '22-maí '23	Lærdómssamfélag leikskólastjóra 1x í mánuði. SFS og HÍ.	Leikskólastjóri Aðstoðarstjóri
Okt. '22 – apríl '23	Þróunarverkefni um innra mat. Anna Magnea Hreinsdóttir og Ingibjörg Kristleifsdóttir.	Leikskólastjóri Aðstoðarstjóri
05.10.2023	Hvernig gengur? Innra mat í leikskóla. Menntafléttan	Deildarstjóri
26.10.2022	Vala – námskeið. SFS.	Leikskólastjóri Aðstoðarstjóri
Október '22 – apríl '23	Leiðtogi framtíðarinnar er teymið – 4. lotur - Hlutverk stjórnenda í teymisvinnu ólíkra fagstétta. HÍ.	Leikskólastjóri Aðstoðarstjóri
Nóv. '22 – jan '23	Náttúruleg kennsla að bættri hegðun. Austur þjónustumiðstöð.	Sérkennari
25.11.2022	Humor og hamingja á vinnustað – Dauðans alvara. Edda Björgvinsdóttir.	Allir starfsmenn
09.01. og 26.01. 2023	Náttúruleg kennsla að bættri hegðun. Austur þjónustumiðstöð.	Sérkennari
15.01.2023	Forystunám Lota 2- Stjórnsýslan. Reykjavíkurborg.	Aðstoðarstjóri
03.02.2033	EFI-2 réttindanámskeið. Elmar Þórðarson og Friðrik Rúnar Guðmundsson.	Deildarstjóri x 2
06.02.2023	Hlutverk starfsfólks í leik ungra barna. Hrönn Pálmadóttir, Dósent MVS HÍ.	Allir starfsmenn
07.02.2023	Kynning á tölfræði um skólaþjónustu. Ingibjörg Kristleifsdóttir SFS.	Sérkennslustjóri
Febrúar 2023	Earth 101. Ráðhús Reykjavíkur	Stjórnendur
08.02.2023	Skipulag og framkvæmd sérkennslu – Brynhildur Guðmundsdóttir sérkennslustjóri í Múlaborg.	Sérkennslustjóri
08.02.2023	Upplýsingar um þjónustu á vegum borgarinnar sem tengjast börnum með erlendan bakgrunn.	Sérkennslustjóri
02.03.2023	Netfundur fyrir tengiliði skv. lögum um samþættingu þjónustu á þágu farsældar barna. – Páll Ólafsson sviðsstjóri hjá BOFS	Sérkennslustjóri
07./09./10. 03.23	Leikskóla - Vinnusmiður-Menntastefna-BBB-farsældin. – SFS	Leikskólastjóri, Aðstoðarstjóri Sérkennslustjóri Deildarstjóri



14.03.2023	LANIS. Kynning á LANIS skimunartæki – Jóhanna Einarsdóttir prófessor í talmeinafræði.	Sérkennslustjóri
21.03.2023	Áhrif áfalla á börn. Íslensk ættleiðing	Sérkennslustjóri
22.03.2023	Kynning á landsteymi um farsæld barna í skólum – Erna Kristín Blöndal ráðuneytisstjóri í Mennta-og barnamálaráðuneyti, Þórisdóttir Þórisdóttir forstjóri Menntamálastofnunar.	Sérkennslustjóri
23.03.2023	Lög um samþættingu í þágu farsældar barna-stöðufundur innleiðingar. - BOFS	Leikskólastjóri Sérkennslustjóri Aðstoðarstjóri
13.04.2023	Skjalavarsla fyrir sérkennslustjóra – Eygló Traustadóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur SFS, Guðrún Sigtryggadóttir lögfræðingur SFS	Sérkennslustjóri
19.04. '23 – 23.04. '23	Námsferð starfsmanna Fífaborg til Stokkhólms. *Sjá nánar hér fyrir neðan.	15 starfsmenn Fífaborgar
19.04.og 21.04. '23	Leikskólaheimsóknir	4 starfsmenn Fífaborgar
26.04.2023	Málþroski er undirstaða alls. Vangaveltur um börn með málþroskaröskun DLD? – Þóra Sæunn Úlfadóttir talmeinafræðingur MML.	Sérkennslustjóri
05.05.2023	Þannig týnist tíminn. Morgunverðarfundur um hæglátt leikskólastarf. Rannung	Allir stjórnendur
23.05.2023	Kynning á útfærslu sérkennslu og innleiðingu farsældar í hafnirskum leikskólum. – Júlíana Vilhjálmsdóttir sérkennslufulltrúi.	Sérkennslustjóri
03.06. - 15.06.2023	Málörvun fjöltyngdra barna með áherslu á hagnýta nálgun. Miðja máls og læsis og	Sérkennari
08.06.2023	Námskeiðisdagur leikskólastjóri. SFS	Leikskólastjóri
19.06.2023	Hvernig á að setja tungumálastaðalinn í atvinnuauglýsingar. Reykjavíkurborg.	Leikskólastjóri Aðstoðarstjóri

***Námsferð starfsmanna Fífaborgar til Stokkhólms í apríl 2023**

Farið var í námsferð til Stokkhólms 19.04. – 23.04. 2023. Alls fóru 15 starfsmenn Fífaborgar í þessa ferð. Á fyrsta degi ferðarinnar fórum við á námskeið/vinnusmiðju þar sem við fengum leiðsögn um hvernig við getum notað núvitund og streitustjórnun sem kennarar og hvernig við nýtum sköpunargáfunu í námi og málörvun með börnunum. Á degi tvö heimsóttum við UHR OG SKUR, útileikskóla nálægt Stokkhólmi þar sem við fengum kynningu á leikskólanum og hugmyndafræði hans. Einnig unnum við ýmiss verkefni og elduðum hádegisverð úti undir beru lofti. Á þriðja deginum, fyrir hádegi skoðuðum við þrjá Montesori leikskóla og fengum kynningu á starfsemi þeirra. Eftir hádegi var farið í úrvinnslu eftir þessa þrjá daga af námskeiðum og heimsóknum og skoðað var, t.d. *hvað var áhugavert, hvað getum við tekið með okkur heim? Hvernig myndum við útfæra þetta hjá okkur?.*

Fjórir starfsmenn urðu eftir heima og fóru í leikskólaheimsóknir á höfuðborgarsvæðinu. Farið var í heimsókn í tvo leikskóla, annarsvegar Funaborg í Grafarvoginum og hins vegar leikskóladeild



Helgafellsskóla í Mosfellsbæ. Að loknum þessum heimsóknnum var farið í úrvinnslu, svipaðri þeirri og Stokkhólmsfararnir unnu.

Skólaárið 2023 - 2024 er stefnt að því að fá fræðslu fyrir alla starfsmenn á skipulagsdögum, s.s. fyrirlestur um umhverfismennt í tengslum við vinnu okkar með *Ellu umhverfisdúkku*. Í jafnréttisáætlun Fífaborgar kemur m.a. fram að eitt af markmiðum áætlunarinnar er að hafa fordómalaust umhverfi í leikskólanum og hefur meðal annars verið unnið með Vináttuverkefni Barnaheilla í Fífaborg til þess að stuðla að því meðal nemendanna en við viljum gjarnan fá fyrirlestur fyrir starfsmenn um þetta efni. Á síðasta starfsári var á dagskrá að fá slíkan fyrirlestur en það tókst ekki. Einnig stefnum við að því að fá fræðslu um eflingu félagsfærni sem tengist þróunarverkefninu okkar *Litlu könnuðurnir*. Þar að auki langar okkur að fá aftur námskeið í liðsuppbyggingu á skipulagsdegi næsta skólaárið því þó starfsandinn í Fífaborg sé mjög góður þá má alltaf gera betur.

Margir starfsmenn vilja bíða eftir því að sjá hvaða námskeið verða í boði á næsta starfsári og koma þá með sínar starfsþróunaróskir og komið er til móts við þannig óskir eftir því sem mögulegt er. Í starfsþróunarviðtölum á liðnu skólaári var helst óskað eftir því að komast á námskeið í stjórnun og tónlist með börnum.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarfið við Rimaskóla fór seint af stað og gekk erfiðlega að ákveða tíma til að koma í heimsókn. Nýr starfsmaður tók við á bókasafninu og skipulagi samstarfsins hjá Rimaskóla og var ekki nægilega fróður um það hvernig þessu samstarfi hefur verið háttað. Þar af leiðandi var skipulagið ekki gott og erfitt að finna tíma til að koma heimsóknnum þar sem deildin var búin að skipuleggja mikið um haustið. Sendir voru tölvupóstar á milli með stuttum fyrirvara til að ákveða mætingu sem rakst á annað hjá okkur. Fyrsta heimsókn í bókasafnið var um miðjan október og síðan ekkert fyrr en í febrúar. Þá fengu börnin að fara inn í 1. bekk og gera verkefni með nemendum þar. Þeim fannst mjög skemmtilegt og mikil upphefð í að koma inn í skólann. Síðar í febrúar kom einn



bekkur úr 1. bekk í Rimaskóla til okkar í heimsókn þar sem þau léku sér og spjölluðu við börnin á deildinni. Einn tími var í íþróttum í lok mars, þar voru börnin með 1. bekk í Tarzan-leik og það var mjög skemmtilegt. Í maí bauð skólastjórinn okkur til sín og fengum við leiðsögn um skólann, skoðuðum textíl-, smíða- og myndmenntastofur sem börnunum fannst mjög spennandi.



Sérstaklega voru það allar saumavélarnar og smíðatólin sem vöktu athygli, háu stólarnir í myndmenntastofunni og öll listaverkin og fígúrunar sem þarna voru og biðu eigenda sinna. Einnig kíktum við inn í nokkra bekki, s.s. í 3. 5. og 6. bekk. Í byrjun desember var okkur boðið í föstudagsfjör með frekar stuttum fyrirvara en okkur fannst það spennandi og ákveðið var að fara þrátt fyrir annríki. Vonandi verður skipulagið betra og tilbúið fyrir næsta skólaár með hefðbundnu sniði eins og undanfarin ár, þ.e. :

- Heimsókn í bókasafn Rimaskóla í október
- Danstími í Rimaskóla í október
- Börn í 1. bekk í Rimaskóla heimsækja leikskólana í hverfinu í nóvember
- Heimsókn barna í 4. bekk í Rimaskóla í leikskólana í hverfinu á *Degi íslenskrar tungu* 16. nóvember
- Föstudagsfjör í desember
- Íþróttatími í Rimaskóla í desember og mars
- Bekkjarheimsókn í 1. bekk í mars
- Heimsókn í Frístund (Tígrisbæ) í október og apríl
- Skoðunarferð um skólann í maí



Ekki er komin tímasett áætlun fyrir komandi skólaár, þ.e. 2023 – 2024.

Við fórum í eina heimsókn í Frístundaheimilið Tígrisbæ. Þar fannst börnunum skemmtilegt að skoða allt dótið, lita og perla. Þeim var boðið upp á ávexti og djús sem þau snæddu af bestu lyst.

Ekkert samstarf var á milli leikskóla í hverfinu þ.e. við Lyngheima og Laufskála í vetur en í júní hittust leikskólarnir þrisvar á lóð hvers skóla.

Korpúlfa er félag eldri borgara í Grafarvogi sem við höfum verið í samstarfi við. Í október fórum við í heimsókn til þeirra á harmonikkuball og síðan aftur um miðjan nóvember. Þar sungum við nokkur lög með þeim og dönsuðum Óla skans við undirleik og söng harmonikkuleikara. Það var ekki mikil þátttaka frá félögum Korpúlfa, bara fimm fyrir utan harmonikkuleikara. Það hefði verið skemmtilegt að hafa fleiri félagsmenn í salnum til að sýna enn betur áhuga á samstarfinu. Börnin



fóru í desember og sýndu „helgileikinn“ á jólafundi Korpúlfa fyrir fullum sal af fólki við góðar undirtektir og fengu börnin mandarínu að gjöf frá jólasveininum.

Skólaskil: Fundur að vori með fulltrúum Rimaskóla, skil á niðurstöðum Hljóm-2 athugana og annarra gagna eftir þörfum. Sérstakir skilafundir voru vegna barna með skilgreindan stuðning, þann fund sátu foreldrar og fulltrúar leikskóla og grunnskóla ásamt sérkennsluráðgjafa Austurmiðstöðvar.

8 Foreldrasamvinna

Við leikskólann starfar foreldraráð og í því sitja þrjú fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Við ætlum að óska eftir fjórða fulltrúanum á foreldrafundi í haust. Ráðinu er ætlað að vera umsagnaraðili um ársáætlun, endurmat, námskrá og annað er snertir leikskólastarfið. Foreldraráðið hélt tvo fundi þetta skólaárið og gert er ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi á næsta skólaári. Foreldraráðið gerði einnig umsögn um verkefnið *Fyrir í frístund* en leikskólinn var valinn til að taka þátt í því tilraunaverkefni haustið 2023.

Í Fífuborg er starfandi foreldrafélagið Fífan. Í stjórn þess sitja fjórir fulltrúar foreldra. Foreldrafélagið sinnir ákveðnum verkefnum, skipuleggur uppákomur, s.s. sveitaferð og greiðir fyrir leiksýningar og jólasvein og innheimtir gjöld foreldrafélags.

Reglum samkvæmt hefur verið kosið í foreldraráð og foreldrafélag Fífuborgar. Það er hefð fyrir því að auglýsa eftir nýjum meðlimum á fundi fyrir nýja foreldra og á fundum fyrir alla foreldra á haustin.

Tveir meðlimir í foreldrafélaginu eru að hætta og það vantar einn til viðbótar í foreldraráð. Aðrir meðlimir gáfu kost á sér til áframhaldandi setu. Það var eitt foreldri sem bauð sig fram í foreldrafélagið á fundi fyrir nýja foreldra vorið 2023.

Búið er að setja dagsetningar fyrir foreldrafundi á skóladagatal leikskólans og verða fundirnir að öllu óbreyttu 25. - 28. september 2023. Hulduheimar þann 25., Dvergheimar þann 26., Álfheimar þann 27. og Ljósheimar þann 28. september.

Foreldraviðtöl að hausti hefjast 30. október 2023 og foreldraviðtöl að vori hefjast 11. mars 2024.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar Fífuborgar skólaárið 2023 – 2024:

- Fös. 22. september 2023.
- Fös. 20. október 2023.
- Fös. 24. nóvember 2023. Sameiginlegur starfsdagur í Rimahverfi.
- Þri. 06. febrúar 2024. Sameiginlegur starfsdagur í Rimahverfi.
- Fös. 05 apríl 2024.
- Fös. 17. maí 2024. Sameiginlegur starfsdagur í Rimahverfi.

Leikskóladagatal Fífuborgar skólaárið 2023 – 2024: Sjá fylgiskjal 2.

10 Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 2 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 4 – Matsgögn

F. h. leikskólans Fífuborgar

Helga Sigurðardóttir

30. júní 2023

Leikskólastjóri

Dagsetning



11 Fylgiskjal 1 – Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2023 – 2024 Leikskólinn Fífuborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Jóhanna Bára Haraldsdóttir

Anna Lilja Steindórsdóttir

Sigríður Halldórsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagur eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlun Fífuborgar fyrir næsta skólaár, 2023-2024 hefst á yfirferð yfir starf síðasta árs og ber þar hæst 30 ára afmæli Fífuborgar ásamt þróunarverkefninu Litlu könnuðirnir þar sem könnunaraðferðin er notuð við kennslu. Stefnt hefur verið að því að könnunaraðferðin verði daglegur hluti af starfi og leik í Fífuborg og þykir leikskólastjóra það vera að rætast sem er gaman að heyra.

Farið er yfir innra og ytra mat á leikskólanum í starfsáætlun og þar eru svo tekin saman tækifæri til úrbóta. Til stendur að bæta starf með könnunaraðferðina enn frekar ásamt því að vinna með Ellu



endurvinnsludúkku (sem mun heita Ella umhverfisdúkka) og félagsfærni sem eru mjög spennandi verkefni og jákvæð þróun í starfi leikskólans að mati foreldraráðs. Einnig verður unnið eftir læsisáætlun leikskólans og notast verður við opinn efnivið í starfi, sem er hið besta mál.

Eitt af því sem unnið er að bótum á er að minnka álag á starfsfólk og hefur verið lögð áhersla á það í tengslum við styttingu vinnuviku starfsmanna. Eins og gengur hefur álag komið niður á faglegu starfi en það er mat foreldraráðs að vel hafi tekist til við skipulagningu styttingunnar á vinnuvikunni og jákvætt viðhorf hefur verið áberandi sem og alltaf í samskiptum foreldra og kennara Fífuborgar. Einnig kemur fram í áætluninni að það verði unnið að því með markvissum hætti að bæta starfsánægju sem er vissulega mikilvægur þáttur í jákvæðu og góðu starfi leikskólans.

Deildir Fífuborgar, Ljósheimar, Álfheimar, Dvergheimar og Hulduheimar eru ræddar sérstaklega og vinnan sem þar hefur farið fram, ásamt tækifærum til úrbóta sem eru raunhæf og góð markmið.

Foreldraráð er bjartsýnt á að næsta skólaár verði skemmtilegt og gagnlegt fyrir börnin sem og kennarana, og við óskum starfsmönnum góðs gengis með framkvæmdina.

Jóhanna Bára Haraldsdóttir, Formaður foreldraráðs Fífuborgar.



12 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nath skóla: Leikskólim Fífluborg

	AUGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRUÁR		MÁRÐ		APRÍL		MÁJ		JÚNÍ		JÚLÍ		
1 Þ	1 F		1 M		1 M		1 M		1 F		1 F		1 F		1 F		1 M		1 M		1 L		1 L		1 M
2 M	2 L		2 Þ		2 Þ		2 Þ		2 L		2 F		2 F		2 L		2 Þ		2 Þ		2 F		2 S		2 Þ
3 Þ	3 S		3 M		3 M		3 M		3 D		3 M		3 L		3 D		3 M		3 M		3 F		3 M		3 M
4 M	4 M		4 L		4 L		4 L		4 M		4 F		4 D		4 M		4 L		4 L		4 F		4 Þ		4 F
5 L	5 F		5 D		5 D		5 D		5 M		5 Þ		5 M		5 Þ		5 L		5 Þ		5 D		5 M		5 F
6 M	6 F		6 M		6 M		6 M		6 Þ		6 L		6 M		6 Þ		6 L		6 M		6 F		6 M		6 L
7 M	7 L		7 Þ		7 Þ		7 Þ		7 M		7 D		7 M		7 D		7 Þ		7 M		7 F		7 F		7 D
8 Þ	8 S		8 M		8 M		8 M		8 Þ		8 L		8 M		8 Þ		8 M		8 M		8 F		8 L		8 M
9 M	9 L		9 Þ		9 Þ		9 Þ		9 M		9 D		9 M		9 D		9 M		9 M		9 F		9 M		9 Þ
10 Þ	10 S		10 M		10 M		10 M		10 Þ		10 L		10 M		10 D		10 M		10 M		10 F		10 M		10 M
11 M	11 L		11 Þ		11 Þ		11 Þ		11 M		11 D		11 M		11 D		11 M		11 M		11 F		11 M		11 F
12 L	12 F		12 M		12 M		12 M		12 Þ		12 L		12 M		12 D		12 M		12 M		12 F		12 M		12 F
13 Þ	13 S		13 M		13 M		13 M		13 Þ		13 L		13 M		13 D		13 M		13 M		13 F		13 M		13 L
14 M	14 L		14 Þ		14 Þ		14 Þ		14 M		14 D		14 M		14 D		14 M		14 F		14 F		14 M		14 D
15 Þ	15 S		15 M		15 M		15 M		15 Þ		15 L		15 M		15 D		15 M		15 M		15 F		15 M		15 M
16 M	16 L		16 Þ		16 Þ		16 Þ		16 M		16 D		16 M		16 D		16 M		16 M		16 F		16 M		16 M
17 F	17 F		17 M		17 M		17 M		17 Þ		17 L		17 M		17 D		17 M		17 M		17 F		17 M		17 M
18 M	18 L		18 Þ		18 Þ		18 Þ		18 M		18 D		18 M		18 D		18 M		18 M		18 F		18 M		18 F
19 L	19 F		19 M		19 M		19 M		19 Þ		19 L		19 M		19 D		19 M		19 M		19 F		19 M		19 F
20 M	20 L		20 Þ		20 Þ		20 Þ		20 M		20 D		20 M		20 D		20 M		20 M		20 F		20 M		20 L
21 M	21 F		21 M		21 M		21 M		21 Þ		21 L		21 M		21 D		21 M		21 M		21 F		21 M		21 D
22 Þ	22 S		22 M		22 M		22 M		22 Þ		22 L		22 M		22 D		22 M		22 M		22 F		22 M		22 M
23 M	23 L		23 Þ		23 Þ		23 Þ		23 M		23 D		23 M		23 D		23 M		23 M		23 F		23 M		23 Þ
24 Þ	24 S		24 M		24 M		24 M		24 Þ		24 L		24 M		24 D		24 M		24 M		24 F		24 M		24 M
25 M	25 L		25 Þ		25 Þ		25 Þ		25 M		25 D		25 M		25 D		25 M		25 M		25 F		25 M		25 M
26 F	26 F		26 M		26 M		26 M		26 Þ		26 L		26 M		26 D		26 M		26 M		26 F		26 M		26 F
27 L	27 M		27 L		27 M		27 M		27 Þ		27 L		27 M		27 D		27 M		27 M		27 F		27 M		27 L
28 Þ	28 S		28 M		28 M		28 M		28 Þ		28 L		28 M		28 D		28 M		28 M		28 F		28 M		28 S
29 Þ	29 S		29 M		29 M		29 M		29 Þ		29 L		29 M		29 D		29 M		29 M		29 F		29 M		29 M
30 L	30 L		30 Þ		30 Þ		30 Þ		30 M		30 D		30 M		30 D		30 M		30 M		30 F		30 M		30 Þ
31 F	31 F		31 M		31 M		31 M		31 Þ		31 L		31 M		31 D		31 M		31 M		31 F		31 M		31 M

Í reglum um leikskólaáhræstu segir:
Leikskólar eru opkaðir sex daga á ári vegna skulpsáttada. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfisdagur starfslíks áskrifðar nemenda í grunnskólinum en hinir þrjú geta verið tímót þáttir, dagar eða heilir. Leikskólagjöld þakka ekkí vegna þessa. Eign sem dregja í leikskólinum þeijáknuborgar taka að ígmarktíttugetu virka daga í sumarihefni. Leikskólaáhræstu segir, að höfuðsumarið við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelli í tva til turtugetu virka

13 Fylgiskjal 3 – Matsgögn

Endurmat deilda

Gátlisti, bætið við öllu sem ykkur dettur í hug.

Tíminn frá kl. 07.30-08.00.

Móttaka barna á deild.

Morgunverður.

Frjáls leikur.

Agi.

Tilboð (hvað er boðið upp á, hverju er ábótavant), listsköpun, hlutverkaleikur, spil, leir, sull, borðleikir, gólfleikir).

Leikföng að heiman.

Frágangur deildar.

Svæðin frammi – nýting.

Þema.

Tónlist.

Sögustundir.

Söngur, hvar, hvenær.

Að hlusta á tónlist, geisladiska, útvarp, tölván. Hvar, hvenær, hversu oft.

Alstund. Hvað er gert? Náum við athygli allra?

Hvert er hlutverk:

- Stjórnandans
- Annarra starfsmanna

Valstund á deild.

Hvað er gert, hvers vegna, hvernig?



Hver velur fyrstur.

Veðurfræðingur.

Hádegisverðartími.

Vinnubrögð starfsmanna.

Borðsiðir.

Reglur s.s. að ljúka við matinn o.fl.

Umsjónarmenn og hlutverk þeirra.

Snyrting.

Hlutverk starfsmanns.

Á hvað leggjum við áherslu s.s. sturta niður, handþvottur, skipta um tuskur og handklæði, fara með rusl. Huga að vöskum.

Hvíldarstund.

Skipting hópsins.

Framkvæmd.

Tíminn frá hvíld fram að vali.

Síðdegishressing.

Kaffitímar starfsfólks.

Samstarf deilda.

Sérkennsla.

Tíminn frá 15.30-16.00.

Frjáls leikur frá 16.00-17.00.

Að skila af sér börnum á Ljósheima (skiladeild).

Fataherbergi.

Frágangur.

Óskilaföt.

Verkaskipting/vaktaskema.

Þátttaka barna í daglegum störfum



Að taka barn í fangið, persónuleg athygli. Fá hana örugglega allir?

Berum við virðingu fyrir vinalstund og öðrum samverustundum eða erum við að spjalla á meðan þær eru?

Samskipti við foreldra.

Upplýsingamiðlun.

Afmæli barnanna.

Gönguferðir.

Að skipta út leikföngum, bókum o.þ.h.

Deildarfundir.

Könnunaraðferðin, könnunarleikurinn.

Skráningar.

Sameiginlegt endurmat

Móttakan

Hlutverk móttöku gagnvart börnunum

Virðum við markmið valsins eða viljum við stjórna vali barnanna?

Skráning.

Vald móttöku, loka svæðum, færa fólk til.

Önnur störf s.s. ýmis konar frágangur.

Af hverju myndast röð við valtöfluna? Hvað má senda börnin ört fram?

Öll svæði

Markmið svæða.

Hlutverk starfsmanns.

Hvað er boðið uppá á svæðinu.

Er boðið upp á allt, alltaf?

Fjöldi barna á svæðum.

Hvar eru börnunum sett mörk og hvernig? T.d. ef barni er vísað af svæði leysir það þá vandann eða situr næsti starfsmaður uppi með hann?



Frágangur.

Að klára val tímamann. Hvað er hægt að gera með börnunum? Hvað gerum við?

Samkvæmt markmiðum okkar á barnið að fá tækifæri að velja sér verkefni sjálf? Hvað ef barnið velur alltaf með einhverjum eða velur alltaf sama svæðið? Hvað gerum við?

Útivera

Hjól, snjópotur.

Yfirsýn.

Stöndum við í hnapp og kjöftum?

Fínhreyfingar

Laut

Einingakubbar

Kubbasvæði

Tilraunir

Vinastund

Gönguferðadagar



